

Bjart fram undan

„Það á að vera áhersluatriði kirkjunnar að slá skjaldborg um fjölskyldur með litil börn sem eru á flotta hér á landi undan harðstjórn eða stríðsástandi í heimalandinu,“ segir **Solveig Lára Guðmundsdóttir** vígslubiskup á Hólum.

→ 10

Gunnar Karlsson gerir upp árið 2019

→ 18



Kertasníkir kom til byggða



Við getum aðstoðað yfir jólin

Aðfangadagur

Opið 8-18 í Lágmúla og á Smáratorgi

Jóladagur

Opið 10-24 í Lágmúla og á Smáratorgi


LYFJA
- Lífið heil

Kringlan
GLEÐILEGA
HÁTÍÐ

OPIÐ TIL KL. 13



Veður



Norðaustan 5-13 NV-til og á annesjum NA-lands í dag, annars hægar. Skýjað veður og snjócoma eða él við N- og A-ströndina. Hiti um frostmark. **SJÁ SÍÐU 26**

Isavia spáir samdrætti

SAMGÖNGUR Gert er ráð fyrir að farþegum sem fara um Leifstöð fækki um nær átta prósent á næsta ári frá því sem fyrir liggur um farþegafjölda á yfirstandandi ári. Þetta kemur fram í nýútgefinni farþegaspá Isavia.

Samtals er gert ráð fyrir að heildarfjöldi farþega verði 6,7 milljónir á næsta ári. Spáð er að að komu- og brottfararfarþegum fækki einungis um rúmt eitt prósent.

„Ef þetta mat gengur eftir fækka erlendur ferðamönnum ekki á Íslandi á nýju ári,“ segir Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia í tilkynningu.

Í spánni segir að skiptifarþegum fækki mest. Gert er ráð fyrir að þeir verði um 1,5 milljónir en þeir voru ríflega tvær milljónir á árinu 2019. Gangi spáin eftir að þessu leyti yrði þetta annað árið í röð sem skiptifarþegum í Leifstöð fækka.

Ef þetta mat gengur eftir fækka erlendur ferðamönnum ekki á Íslandi á nýju ári.

Sveinbjörn Indriðason, forstjóri Isavia

Í tengslum við farþegaspá Isavia hefur fyrirtækið gefið út ferðamannaspá. Fyrstu niðurstöður hennar benda til að íslenskum ferðamönnum sem fara um Leifstöð fækki um sjö til átta prósent frá yfirstandandi ári. –jþ

Fréttir um jólahátíðina

Um jólahátíðina verða fréttir fluttar á frettabladid.is og hringbraut.is. Jafnframt er þar að finna lengri viðtöl og umfjallanir. Næst kemur Fréttablaðið út föstudaginn 27. desember.

Kæstar kræsingar á Hrafnistu



Heimilisfólkið á Hrafnistu í Reykjavík kundi vel að meta Þorláksmessuskötuna sem boðið var upp á í hádeginu í gær. Vitt og breitt um land er síðnum fylgt og voru þessar kræsingar á borðum víða þótt af þeim fari nokkurt óorð – eða ólykt öllu heldur – að álitum sumra. Til að bæta andrúmsloftið grípa margir til þess gamla húsráðs að setja yfir pott með jólahangikjöti og berst þá ljúfur ilmur jólaanna um allt.

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS

Trú og líf á internetinu

SAMFÉLAG Erna Kristín Stefánsdóttir guðfræðingur er í ítarlegu viðtali á frettabladid.is í dag, aðfangadag. Hún ræðir baráttu sína við meðvirkni, þunglyndi, átröskun og um trú sína á guð og velgengi á samfélagsmiðlum. Hún viðurkennir hræðslu sína við að opinbera trú sína á samfélagsmiðlum, en segir hana hafa verið óþarfa.

„Í minni sjálfsvinnu þá hef ég lært að það eru ekki áföllin sem hafa mótað mig í þessa sterku mannaskju sem er full af samkennd, heldur er það hvernig ég vann úr erfiðleikum, hvernig ég tók stjórn, skilaði skömminni og færði sársaukann yfir í drifkraft til þess að efla sjálfa mig og hjálpa öðrum,“ segir Erna Kristín meðal annars um sína vegferð. – aeh

FRÉTTABLAÐIÐ

[Meira á frettabladid.is](http://Meira.á.frettabladid.is)

Væri ekki hægt án sjálfboðaliðanna

Búist er við að á þriðja hundrað manns mæti í hina árlegu jólaveislu Hjálpræðishersins sem haldin verður í Mjódd í dag. Um 30 sjálfboðaliðar koma að veisluhöldunum. Þá verður jólastemning í kaffistofu Samhjalpar í Borgartúni.

SAMFÉLAG Jólaveisla Hjálpræðishersins í Reykjavík verður að vanda haldin í dag. Veislan verður að þessu sinni í húsnæði Hjálpræðishersins í Mjódd en undanfarin ár hefur hún verið í Rádhúsinu.

„Það er auðveldara að halda utan um þetta þegar maður er í eigin húsnæði. Við ákváðum líka að breyta aðeins tímasetningunni til að taka stöðuna. Maður þarf stundum að gera það,“ segir Hjördís Kristinsdóttir, flokksleiðtogi Hjálpræðishersins í Reykjavík.

Í gær höfðu rúmlega 250 manns skráð sig í veisluna sem mun standa frá klukkan 12 til 16 og munu um 30 sjálfboðaliðar aðstoða við veisluhaldið. „Við erum rosalega blessuð að hafa mikið af sjálfboðaliðum og styrktaraðilum. Þetta væri ekki hægt öðruvísi,“ segir Hjördís.

Boðið verður upp á þriggja rétta máltíð sem samanstendur af reyktum laxi, lambalæri og ís og köku. „Við verðum með allt sem þarf til að halda góða veislu. Það er alltaf ákveðinn kjarni af fólki sem kemur en svo koma auðvitað margir hælisleitendur.“

Hjálpræðisherinn stefnir á að flytja inn í nýtt húsnæði við Suðurlandsbraut næsta haust. Hjördís segir að núverandi húsnæði sé löngu sprungið og það verði smá gestapraut að koma öllum veislugestum fyrir.

„Við vonum samt að það komi ekki allir í einu heldur að þetta dreifist aðeins. Við erum allavega með tvö holl af sjálfboðaliðum. Svo ætlar frú Eliza Reid að heiðra okkur með nærveru sinni. Það verður mjög skemmtilegt að taka á móti henni,“ segir Hjördís.

Í dag er einnig opið á kaffistofu



Sjálfboðaliðar útbúa jólagjafir sem fangar fá meðal annars.

Samhjalpar í Borgartúni. „Það er opið alla daga ársins en að venju verður boðið upp á jólamáltíð í hádeginu í dag. Við gerum allt til að hafa þetta eins huggulegt og hugsast getur,“ segir Valdimar Þór Svavarsson, framkvæmdastjóri Samhjalpar.

Að meðaltali eru gefnir 180 matarskammtar á kaffistofunni á dag sem gerir rúmlega 65 þúsund máltíðir á ári.

„Mig grunar að kaffistofan verði vel sótt í dag. Kaffistofan gefur ekki bara mat heldur er þetta líka ákveðið samfélag þar sem fólk kemur og talar saman og finnur náungakærleikann. Það eru ekki síst þessir jadarsettu hópar sem

koma til okkar sem kannski upplifa slíkar stundir ekki nógu oft.“ Valdimar segir að í dag verði boðið upp á góðan mat og hátíðarstemningu.

„Við erum líka að safna fyrir þessum máltíðum þannig að fólk getur styrkt um máltíð sem er verðlögð á 3.500 krónur. Það er til dæmis hægt að gera á heimasíðu okkar en það er heilmikið um að fólk styrki okkur um eina máltíð eða jafnvel fleiri.“

Valdimar segir þau hjá Samhjalp finna fyrir miklum velvilja í þjóðfélaginu enda gæti kaffistofan ekki starfað öðruvísi. „Það kemur svo til allur matur sem er í boði allan ársins hring í gegnum gjafir og styrki.“ sighvatur@frettabladid.is

ALUPROF

GEZE

Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarþúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á þúnaði.

Áratuga reynsla.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skötuilm lagði um Hrafnistu

Talið er að sú hefð að borða skötu á Þorláksmessu sé upprunnin á Vestfjörðum og hafi borist þaðan með brottfluttum Vestfirðingum. Í kaþólskum sið forðust menn kjötát á adventunni og lögðu jafnvel á sig að borða lélegan fisk. Nokkuð veiddist af skötu á Vestfjarðamiðum og því varð til síðs að leggja sér hana til munns. Verkunaraðferðir hafa breyst en skatan er ýmist borin fram kæst eða söltuð. Heimilisfólk á Hrafnistu kunnir vel að meta skötuna í gær.



Gleðilega hátíð

JÓNSSON & LEMACKS · JÚLÍÚS · SÍA



Heimilum landsmanna þar sem ekki eru sett upp jólatré fjölgar

JÓL Meirihluti landsmanna heldur jól í ár með gervitré á heimilinu. 56 prósent Íslendinga munu setja upp gervitré en 27 prósent lifandi tré á meðan 17 prósent hyggjast ekki setja upp neitt jólatré. Fjöldi jóla-trjáalausra heimila hefur nær tvöfaldað á þessum áratug.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar MMR en rúmlega þúsund einstaklingar svöruðu henni. Hlutfall þeirra sem setja upp gervitré hefur hækkað um sex prósentu-

stig frá upphafi mælinga MMR sem hófust árið 2010. Á meðan hefur hlutfall hinna sem setja upp lifandi jólatré lækkað um 15 prósentustig og mældist nú, eins og fyrr segir, 27 prósent.

Þróunin er athyglisverð í ljósi þess að íslensk lifandi jólatré eru talin umhverfisvænasti kosturinn því fyrir hvert tré sem er höggvið til sölu gróðursetur Skógræktarfélag Íslands 40 til 50 tré í staðinn.

Ungt fólk virðist líklegra til að

setja upp lifandi jólatré en aðrir. 31 prósent á aldrinum 18-29 ára mun setja upp lifandi tré en hlutfallið lækkar með hækkingu aldri. Konur eru svo líklegri en karlar til að setja upp gervitré og reyndust karlarnir mun líklegri en konur til að sleppa því að setja upp jólatré þetta árið.

Framsóknarmenn og Miðflokksmenn eru líklegastir til að nota gervitré: 65 prósent Framsóknarmanna og 59 prósent Miðflokksmanna setja slíkt upp í ár. Á móti

65%

Framsóknarmanna eru líkleg til að setja upp gervijólatré.

reyndust fylgismenn Viðreisnar líklegastir til að setja upp lifandi tré, um 41 prósent, og fylgdu Samfylkingarmenn og Vinstri-grænir fast á eftir. Þátttakar eru þá líklegri en fylgismenn annarra flokka til að setja ekki upp jólatré.

Landsbyggðarbúar reyndust líklegri en höfuðborgarþéttbýli til að vera með gervitré á sínum heimilum og íbúar á höfuðborgarsvæðinu reyndust hins vegar líklegri til að vera ekki með jólatré. – ókp



Frá Noregi. NORDICPHOTOS/GETTY

Sveitarfélögum fækkar í Noregi

NOREGUR Umfangsmiklar sameiningar sveitarfélaga standa nú fyrir dyrum í Noregi. Þannig munu nær 109 sveitarfélög sameinast í 43 ný um áramótin. Þetta kemur fram í frétt á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga og byggir á umfjöllun í riti norska sveitarfélagasambandsins.

Sameiningahrinan nú er afleiðing umfangsmikils sameiningaráttaks norskra stjórnvalda sem ríkisstjórnin í Noregi hratt af stað fyrir fimm árum. Sveitarfélög sem sameinast njóta fjárhagslegs hvata og er niðurstaðan sú að þetta verða víðamestu sveitarfélagabreytingar í Noregi um hálfra aldar skeið.

» Þrátt fyrir þetta verður um þriðjungur norskra sveitarfélaga með færri en 3.000 þúsund íbúa.

Norsk sveitarfélög voru 428 árið 2015 en verða 356 eftir sameiningarnar. Þrátt fyrir þetta verður um þriðjungur norskra sveitarfélaga með færri en 3.000 íbúa á næsta ári. Bilið milli stórra og lítilla sveitarfélaga er því talið munu aukast. Það er ekki eingöngu bundið við fjölda íbúa, heldur líka aldurssamsetningu þar sem íbúar eru hlutfallslega eldri í litlu sveitarfélögum.

Fram kemur að fyrirkomulagið í Noregi sé á þann veg að sveitarfélög fara með aðalhlutverkið í velferðarþjónustu og nefnd stjórnvalda sem undirbjó sameiningarnar komst að þeirri niðurstöðu að lágmarksfjöldi íbúa sveitarfélags þyrfti að vera þrjú þúsund til að sveitarfélag gæti rækt hlutverk sitt að þessu leyti. – jþ

Áfellingisdómar um barnavernd í Noregi geti haft vægi á Íslandi

Norska barnaverndin hefur sætt harðri gagnrýni um árabíl. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur kveðið upp fimm áfellingisdóma á stuttum tíma um framkvæmdina. Hátt á þriðja tug sambærilegra mála bíða efnismeðferðar í Strassborg. Íslenskur lögmaður telur dómanna geta haft áhrif á túlkun laga hér á landi.

DÓMSMÁL Hæstaréttarlögmaðurinn Oddgeir Einarsson telur nýlega dóma Mannréttindadómstóls Evrópu gegn norska ríkinu geta haft vægi við meðferð barnaverndarmála á Íslandi.

Fjórir áfellingisdómar um umdeilt barnaverndarkerfi Norðmanna hafa fallið hjá Mannréttindadómstóll Evrópu á þessu ári um brot gegn 8. gr. Mannréttindasáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Einn dómur um sama efni féll í Strassborg í fyrra. Hjá dómstólnum bíða nú 28 mál um réttindi foreldra efnismeðferðar.

Oddgeir nefnir nokkur atriði sem hann telur að geti haft þýðingu hér á landi. Dómurinn sem féll í Strassborg í fyrra varðaði barn sem vistað var utan heimilis og vísar Oddgeir til tveggja sjónarmiða í dómnum sem læra megi af. „Þar er annars vegar lögð áhersla á að þegar um tímabundna vistun utan heimilis sé að ræða megi hún ekki vara lengur en nauðsynlegt er,“ segir Oddgeir og bætir við: „Svo eru lagðar jákvæðar skyldur á hið opinbera til að grípa til aðgerða til að stuðla að fjölskyldusameiningu.“ Barnaverndaryfirvöldum sem tekið hafa barn af heimili beri skylda til að beita sér fyrir bættum aðstæðum í stað þess að láta bara tímenn líða meðan barnið er vistað utan heimilis og koma barninu svo í varanlegt fóstrum án þess að reyna að stuðla að bættum aðstæðum með fjölskyldusameiningu að markmiði.

Einu málanna var vísað til yfirdeildar MDE og féll dómur þar á árinu um brot á rétti móður drengs sem var vistaður hjá fösturforeldra-



Sérfræðingar af ýmsum fræðasviðum hafa gagnrýnt meinta hörku norsku barnaverndarstofnunarinnar við forsjar-sviptingar og hörku gegn foreldrum. Almennir borgarar í Noregi mótmæltu kerfinu á götum úti. NORDICPHOTOS/GETTY

um í andstöðu við vilja móðurinnar fljótlega eftir fæðingu. Eftir þrjú ár í föstri hófst ættleiðingarferli og staðfestu norskir dómstólar ættleiðingu barnsins til fösturforeldranna árið 2012.

Oddgeir bendir á að við ættleiðingu verði enn minni tengsl við blóðforeldra en við á um börn í varanlegu föstri. „Þótt miða eigi við hvað barni sé fyrir bestu, er byggt á því í dómi yfirdeildarinnar að það þurfi líka að veða og meta hagsmuni blóðforeldra og reyna að láta hagsmuni beggja fara saman eins og unnt er,“ segir Oddgeir.

Í dómi sem féll fyrir í þessum mán-

udi hafi verið fjallað um áhrif þess að takmarka mjög umgengni blóðforeldra við börn sem eru í varanlegu föstri. Hið opinbera geti ekki notað tengslaröf við barnið sem rök gegn foreldrunum ef stjórnvöld hafa brugðist skyldum sínum til aðgerða í þágu fjölskyldusameiningar. MDE hafi talið að með mjög takmörkuðum umgengnisrétti kunni hið opinbera að vera að bregðast jákvæðum skyldum sínum. Oddgeir segir þessa túlkun geta haft áhrif hér á landi því dæmi séu um að lokað sé alveg á umgengni eða hún veitt mjög sjaldan.

Þá segir Oddgeir dómanna hafa að

geyma mikilvægar reglur um kröfur til sönnunargagna. „Í íslenskri dómfráfráttun er mjög sjaldan farið mikið efnislega í mál umfram það sem kemur frá dómkvóddum matsmönnum og á áfrýjunarstigi er niðurstaða í héraði oftast staðfest með vísan til forsöndna. Í þessum dómum MDE er hins hins vegar að finna efnislega gagnrýni á málsmeðferð barnaverndarmála og kröfur til sönnunargagna sem Oddgeir á von á að íslenskir lögmennt muni vísa til vegna þess á hve litlu sé að byggja í íslenskum dómfráfráttunum.“

adalheidur@frettabladid.is

Najeb og Sabah fá afhenta lykila að fyrstu íbúð Bústaðar á Hvammstanga

HVAMMSTANGI Fyrsta leigubúðin sem Bústaður hses. afhendir á Hvammstanga er nú komin í hendur hjónanna Najeb Mohammad Alhaj Husin og Sabah Mostav.

Najeb og Sabah komu ásamt börnum sínum til Íslands í vor sem flóttamenn undan stríðsátökum í Sýrlandi. Fjölskyldan var í hópi fimm sýrlenskra fjölskyldna sem Húnaþing vestra tók á móti. Á sama tíma tóku Blönduósingar á móti ámóta stórum hópi.

Sextán umsóknir bárust um sex íbúðir í radhúsi á Lindarvegi. Hinar íbúðirnar fimm verða afhentar ein af annarri fram í miðjan febrúar.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra, segir talsvert um að byggð séu ný hús enda séu talsverð atvinnutækifæri á svæðinu. „Það er mikill



Hjónin Najeb Mohammad Alhaj Husin og Sabah Mostava með Ingvaldi Ásu Konráðsdóttur, formanni stjórnar Bústaða hses. MYND/RJI

skortur á húsnæði hér og mikið af ungu fólki að sækja hér um íbúðir,“ segir hún.

Ragnheiður segir flóttafólkið frá

Sýrlandi hafa aðlagast mjög vel. „Það er gaman að sjá hversu tilbúin þau eru að taka virkan þátt í samfélaginu,“ segir sveitarstjórnin. – gar

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook



Í góðu sambandi á hátíðarstundunum

Við hjá Veitum vitum hversu mikilvægt það er að hafa hreint, hlýtt og bjart um hátíðarnar. Þess vegna erum við í viðbragðsstöðu svo þig skorti ekki vatn, hita eða rafmagn um jól og áramót.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Símanúmer þjónustuvaktar er 516 6000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á veitur.is



Lög um ríkisborgara útiloka múslima

Þrátt fyrir mikil mótmæli ver Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, ný ríkisborgaralög og segir þau gera Indland að gríðastað þeirra sem sæta trúarofsóknum. Lögin gilda um aðra en múslima. Gagnrýnendur segja veraldarhyggju en ekki trúarbrögð ráða för.

INDLAND Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, varði um helgina ný ríkisborgaralög í landinu þrátt fyrir umfangsmikil mótmæli síðustu daga. Lögin sem samþykkt voru af þinginu fyrir í þessum mánuði gera alla þá sem komu ólöglega til Indlands frá nágrennalöndunum fyrir árið 2015 gjaldgenga til ríkisborgararéttar eftir sex ár.

Yfirlýstur tilgangur laganna er að gera Indland að gríðastað þeirra sem sæta trúarlegum ofsóknum. Leyfa á trúarlegum minnihlutahópum frá nágrennaríkjunum að verða ríkisborgarar geti þeir sýnt fram á trúarofsóknir. Það myndi auðvelda hindúum, búddistum, kristnum mönnum, sikkum, fylgjendum jaínisma og Sarabústra-trú, sem komu ólöglega frá Banglades, Pakistan og Afganistan fyrir árið 2015 að verða indverskir ríkisborgarar. Múslimar eru útilokaðir í lögunum. Opinberlega er það vegna þess að þeir teljast ekki trúarlegir minnihlutahópar í þessum nágrennaríkjunum Indlands.

Forsætisráðherrann segir málið snúast um að verja þá sem ofsóttir eru. Á útifundi Bharatiya Janata-flokksins, hins hægri-sinnnaða hindúa-þjóðernisflokks, á sunnudag sakaði Modi andstæðinga laganna um að ýta Indlandi út í sturlun óttans. AP-fréttastofan greindi frá.

Þetta hefur sett af stað mótmælaöldu á Indlandi. Þá hafa ýmis alþjóðleg samtök mótmælt.



Fjöldmenn mótmæli gegn nýjum lögum um ríkisborgararétt ólöglegra innflytjenda í Vestur-Bengal ríki við landamæri Banglades. NORDICPHOTOS/GETTY

OPIÐ ALLA DAGA YFIR HÁTÍÐARNAR Í AUSTURVERI

Starfsfólk Apótekarans óskar viðskiptavinum sínum gleðilegrar hátíðar



Við erum í næsta nágreini!

www.apotekarinn.is

Apótekarinn⁺
Austurvegi

» Fjórir af hverjum fimm Indverjum eru hindúar. Múslimar eru einungis 15 prósent eða 195 milljónir manna.

Mótmæla skráningu Assam á innflytjendum frá Banglades

Mótmælin hafa átt sér ólíkar rætur. Í Assam-ríki er lögunum mótmælt vegna opinberrar andstöðu við ólöglega innflytjendur. Reynt hefur verið að ráðast í átak til að skrá alla borgara í norðausturhluta Assam-ríkis. En frekar en að finna og sækja til saka ólöglega innflytjendur, krefst Assam ríki þess að 33 milljónir íbúa þess, margir þeirra fátækir og ólæsir, sanni fyrir embættismönnum að þeir eigi skilið ríkisborgararétt. Ella eigi þeir á hættu að fara í fangelsi. Tímaritið Economist sagði frá því síðastliðið sumar að Assam-ríki sé að undirbúa 10 fangabúðir til að taka á móti hinum ólöglegu.

Skortur á pappírnum fólks og tilviljanakennd réttarhöld hafa reynst mörgum þeirra sem reyna að sanna ríkisborgararétt sinn mikil martröð. Upphaflega beindist íbúaskráningin í Assam gegn ólöglegum innflytjendum múslima frá Banglades. En áætlað er hún geti einnig haft neikvæð áhrif á 1,9 milljónir hindúa. Samkvæmt hinum nýju lögum geta hundruð þúsunda múslima í Assam orðið ríkisfangslausir en hindúar ættu auðveldara með að fá indverskan ríkisborgararétt.

Að auki eru þeir sem vilja ekki viðurkenna hina ólöglega innflytjendur í Assam. Þeir hafa áhyggjur af því að eftir nýju lögum muni ríkið fyllast af innflytjendum og breyta staðbundinni menningu til hins verra.

Allt hefur þetta leitt til ofbeldisöldu. Múgur hefur brennt byggingar, lagt eld að járnbrautarstöðvum og lent í átökum við lögreglu. Á annað þúsund mótmælenda hafa verið handtekin og margir liggja látnir eftir.

Yfirlýsingin í Assam hafa skert internet- og farsímaþjónustu og settu á útgöngubann.

Veraldarhyggja en ekki trúarbrögð ráði för

Málstaður mótmælenda í höfuðborginni Nýju-Delí er annar. Þeir segja þingið vera að mismuna múslimum, líkt og hinn hægri sinnnaði hindúa-þjóðernisflokkur Modi hefur margsinnis verið sakaður um.

Flokkur Modis hefur haft uppi þrjú meginmarkmið: Nútímavæðingu efnahagslífsins, styrkta stöðu Indlands á alþjóðavettvangi og að ýta undir stöðu Indlands sem lands mikillar hindúasiðmenningar. Fjórir af hverjum fimm Indverjum eru hindúar, en einungis 15 prósent eru múslimar. Þrátt fyrir lágt hlutfall búa um 195 milljónir múslima á Indlandi sem er næstmesti fjöldi múslima í nokkru landi á eftir Indónesíu.

Modi setti fyrstu tvö áhersluatriðin í forgang á fyrra kjörtímabili sínu. Á því seinna hefur hann beitt sér af miklu meiri þunga í samfélagsmálum.

Mótmælendur í Nýju-Delí segja að verið sé að ýta undir það viðhorf að múslimar séu annars flokks borgarar sem eigi illa heima í þeirri miklu siðmenningu sem hindúar hafi byggt á Indlandi.

Mótmælendur segja hina nýju löggjöf brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrár landsins og þær meginreglur sem indverska ríkið var byggt á við stofnun þess fyrir 70 árum, að veraldarhyggja en ekki trúarbrögð eigi að ráða för.

Aðrir útifundir hafa verið í Nýju-Delí til að mótmæla nýju innflytjendalögnum. Ríkið muni fyllast af innflytjendum og menga siðmenningu hindúa.

Þessum ólíku hópum höfuðborgarmótmælenda hefur lent saman við lögreglu. Kveikt hefur verið í strætisvögnum, lögregla notað táragas og fólk slasast.

Ög líkt og í Assam hafa stjórnvöld skert internet- og farsímaþjónustu og sett á útgöngubann. Með tilvísun til mikilvægis laga og reglna hefur ríkisstjórn Modis lokað fyrir internetaðgang meira en 100 sinnum á árinu, að sögn AP. Í borginni Aligarh, sem liggur nálægt höfuðborginni, hefur netið legið niðri sex daga í röð.

david@frettabladid.is

KRÓNAN



OPIÐ
Í DAG, AÐFANGADAG
9-15

Gleðileg
jól



Afgreiðslutímar á www.kronan.is



Fjöldi manns tók þátt í árlegri fríðargöngu sem Samstarfshópur fríðarhreyfinga hefur staðið fyrir frá árinu 1980 en í gær var gengið í Reykjavík, á Ísafirði og á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Afgreiðslutímar yfir hátíðarnar

Læknisþjónusta, Neyðarlínan, Rauði krossinn, Kvænnaathvarfið

Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi

Opið allan sólarhringinn alla daga. Beint innval á slysadeild í Fossvogi 543-2000, í neyðartilvikum. Bráðamóttaka geðdeildar við Hringbraut er opin milli 13-17 á helgidögum. Utan þess tíma er hægt að leita á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi.

Læknavakt heilsugæslunnar

Aðfangadagur
9-18 og 20.30-23.
Jóladagur og annar í jólum
9-23.30.
Gamlársdagur
9-18 og 20.30-23.

Vitjanasími 1770

Aðfangadagur

08-23.30.

Jóladagur

08-23.30.

Annar í jólum

08-23.30.

Simaráðgjafarþjónusta 1770. Opið allan sólarhringinn alla daga.

Neyðarlínan

Neyðarsíminn 112 er opin allan sólarhringinn yfir hátíðarnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabíreiðar og lögreglu um allt land.

Rauði krossinn

1717 er hjálpsími Rauða krossins og verður opin allan jólahátíðina.

Stigamót

Lokað yfir hátíðarnar og til nýs árs.

Kvænnaathvarfið

Opið allan sólarhringinn, alla daga. Sími 561-1205.

SÁÁ göngudeild

Lokað á jóladag, annan í jólum og nýársdag. Opið 9-12 aðfangadag og gamlársdag. Opið milli 9-17 aðra virka daga. Utan opnunartíma er bent á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi komi upp neyðartilfelli.

Tannlæknar

Aðfangadagur

Opið á milli 10-12 á Tannlæknastofu Ingerar Eyjólfsdóttur, Hátúni 2a, Reykjavík. Sími 552-6333.

Jóladagur

Opið á milli 10-12 á Tannlæknastofu Veronicu Joffre, Stórhöfða

17, Reykjavík. Sími 888-8020.

Annar í jólum Opið á milli 10-12 hjá Jóni Ingvari Jónssyni á Tannlæknastofunni Valhöll, Háaleitisbraut 1, Reykjavík. Sími 568-2522.

27. desember

Bakvakt á stofutíma fyrir neyðartilfelli á tannlæknastofu Ragnars Kr. Árnasonar, Háholti 14, Mosfellsbæ. Sími 554-2515.

Lyfja

Aðfangadagur

Opið 8-18 Lág múla og á Smáratorgi.

Opið 8-14 á Granda.

Opið 10-12 nema í Búðardal, Laugarási, á Skagaströnd, og Raufarhöfn. Þar verður lokað.

Jóladagur

Opið 10-24 Lág múla og Smáratorgi.

Árbæjarapótek

Opið 9-12 aðfangadag og gamlársdag. Lokað jóladag, annan í jólum og nýársdag.

Lyf og heilsa

Aðfangadagur

Opið 10-12 Glerártorgi, 10-13 Kringlunni og 9-13 Firði.

Jóladagur

Lokað.

Annar í jólum

Opið Fiskislóð 1, 8-13.

Lyfjaver

Opið 8.30-12 aðfanga- og gamlársdag. Lokað á öðrum fríðögum.

Samgöngur, sundlaugar, stórmarkaðir, söfn og dýralæknar

SAMGÖNGUR

Aðfanga- og gamlársdag ekur Strætó á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt laugardagsáætlun en bætt er við aukaferðum um morguninn. Ekið verður til sirka 15.00. Jóladag, annan í jólum og á nýársdag er ekið samkvæmt sunnudagsáætlun. Ekið er fyrri hluta dags utan höfuðborgarsvæðisins á aðfangadag. Enginn akstur er utan höfuðborgarsvæðisins á jóladag. Á annan í jólum er akstur samkvæmt sunnudagsáætlun.

SUNDLAUGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Aðfangadagur

Opið 6.30-11.30 á Álftanesi og í Ásgarði.

Opið 6.30-11 í Sundhöll Hafnarfjarðar

Opið 6.30-13 í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug.

Opið 8-12 í Lágafellslaug, Sund-

laug Kópavogs og Sundlauginni

Versölum.

Opið 8-12.30 í Seltjarnarlauslag.

Opið 8-13 í Árbæjarlaug, Breið-

holtslaug, Grafarvogslaug, Laugar-

dalslaug, Sundhöll Reykjavíkur,

Klébergslaug og Vesturbæjarlaug.

Opið 9-12 í Varmárlaug.

Opið 10-13 í Klébergslaug.

Lokað í Nauthólsvík.

Jóladagur

Allar laugar lokaðar.

Annar í jólum

Opið 8-17 Ásvallalaug

Opið 10-16 í Lágafellslaug.

Opið 8-18 í Sundlaug Kópavogs,

Sundhöll Reykjavíkur og Ver-

ersölum.

Opið 12-18 í Árbæjarlaug, Laugar-

dalslaug, Klébergslaug, Sundhöll

Reykjavíkur og Vesturbæjarlaug.

Lokað í öðrum laugum.

STÓRMARKAÐIR

Bónus

Aðfangadagur

Opið 10-14. Lokað á jóladag og

annan í jólum.

Hagkaup

Aðfangadagur

Opið 24-16 í Skeifunni og Garðabæ.

Opið 8-16 á Akureyri, Spönginni og

Eiðistorgi.

Opið 10-14 í Smáralind, Kringlunni,

Njarðvík, Borgarnesi og Selfossi.

Jóladagur

Lokað.

Annar í jólum

Opið 10-24 Akureyri, Spönginni og

Eiðistorgi.

Opnað kl. 10 í Skeifunni og Garðabæ.

Lokað annars staðar.

Nettó

Aðfangadagur

Opið til 13 á Granda og í Mjódd.

Opið 10-13 í Hafnarfirði, Búðakór,

Salavegi, Glerártorgi, Hríslundi,

Húsavík, Krossmóa, Grindavík,

Iðavöllum, Selfossi, Egilsstöðum,

Höfnog Borgarnesi.

Jóladagur

Lokað.

Annar í jólum

Opnað kl. tíu á Granda og í Mjódd.

Opið 10-21 í Hafnarfirði, Hríslundi, Iðavöllum. Búðakór og Sala-

vegi. Lokað annars staðar.

Krónan

Aðfangadagur

Opið 9-15.

Jóladagur

Lokað.

Annar í jólum

Opið 10-19 í Akrabraut, Akranesi, Árbæ, Fitjum, Grafarholti, Hval-

eyrabraut, Hamraborg, Jafnaseli,

Nóatúni, Vallakór, Hvolsvelli,

Reyðarfirði, Vestmannaeyjum og í

Vík í Mýrdal.

SÖFN

Listasafn Reykjavíkur

Lokað aðfangadag og jóladag.

Opið 13-17 annan í jólum í

Hafnarhúsi, Kjarvalsstöðum og

Ásmundarsafni.

Listasafn Íslands

Aðfangadagur

Opið kl. 10-14 á Frikirkjuvegi 7

Opið 10-17 annan í jólum.

Þjóðminjasafnið

Aðfangadagur

Opið 11-12 fyrir jólasveina-

skemmtun.

Jóladagur

Lokað.

Annar í jólum

Opið 10-17.

DÝRALÆKNAR

Lokað frídag. Neyðarsími vakt-

hafandi dýralæknis 530-4888



Gleðilega hátíð



Eimskip óskar landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

EIMSKIP

Kornungt fólk að koma til starfa

Séra **Solveig Lára Guðmundsdóttir** vígslubiskup telur bjart fram undan hjá kirkjunni. Segir þjóðina samt verða að vera vakandi gagnvart ábyrgð sinni á ungu kynslóðinni og höfðar til foreldra og fjölskyldna en ekki skólanna.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Tilkomumikill kirkju- turninn vísar hug til hæða á Hólum í Hjalta- dal og það er hátíðlegt að aka þangað heim í hvítri mjöllinni. Við Fréttablaðsfólk rennum í hlað á biskupssetrinu. Þar fagna okkur hjónin Solveig Lára Guðmundsdóttir og Gylfi Jónsson og við erum ekki fyrr sest inn í stofu en séra Gylfi snarar þangað inn kaffi og smákökum. Þar sem um tvo presta er að ræða á sama heimilinu eru þau spurð hvort trúariðkun sé ríkur þáttur í daglegu lífi þeirra. „Já, mjög svo,“ svarar Solveig Lára að bragði. „Við biðjum alltaf borðbæn og sameiginlega kvöldbæn. Allt helgihald byggist á því að sá sem þjónar eigi sitt trúarlíf, annars verður hann eða hún aldrei trúverðug í boðuninni. Mitt fyrsta verk þegar ég vakna á morgnana er að ná í símann fram í skrifstofu, því ég sef ekki með hann í svefnherberginu, fara aftur upp í rúm, inn á biblían.is og draga mannakorn, afrita það og setja það inn á fésbókarsíðuna mína. Síðan hefjast dagleg störf.

Mannakorn? hvái ég, eins og saundur. „Já, það er biblíuvers sem við reynum að hafa sem leiðarstef inn í daginn.

Hálft landið undir

Gylfi er hættur prestskap en Solveig Lára er vígslubiskup og kveðst lítið vera í beinu safnaðarstarfi nema hvað hún messir alltaf á Hólum á jóladag, páskadag, gamlársdag og hvítasunnu. Þá daga þurfi Halla Rut Stefánsdóttir, sóknarprestur í Hofsó- og Hólaprestakalli, að þjóna í mörgum kirkjum. „Biskupsstarfið er ólíkt prestsstarfinu,“ segir Solveig Lára og talar af reynslu því hún var þjónandi prestur á Möðruvöllum og þar áður á Seltjarnarnesi. „Biskupsstarfið er yfirumsjónarstarf, ég hef mikið samband við presta á Norður- og Austurlandi því biskupsdæmið nær allt frá Prestbakka í Hrótafirði að Hofi í Álftafirði eystri. Ég er því talsvert á ferðinni og svo er ég líka hluti af yfirstjórn kirkjunnar sem er með höfuðstöðvar í Reykjavík og þarf oft að fara á fundi þar líka.“

Auk þessa er Solveig Lára formaður stjórnar Guðbrandsstofnunar sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Þjóðkirkjunnar um menningarstarfsemi á Hólum. „Við erum með tónleika vikulega allt sumarið, frá júní út ágúst og fræðafundi annan hvern mánudag alla vetrarmánuðina og bjóðum bæði tónlistarfólkinu og fræðafólkinu að dvelja hér í viku. Auk þess er ein ráðstefna á ári í samstarfi við virtar stofnanir í samfélaginu, nú erum við að undirbúa þá sem verður í vor, hún verður um réttlætið í samfélaginu. Þar verða fulltrúar frá Öryrkjabandalaginu, ASÍ, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Jafnréttisstofu og Ríthöfundasambandinu. Það fer mikill tími í að skipuleggja þetta allt. Svona ráðstefna er gott dæmi um hvernig kirkjan getur haldið úti öflugum andlegu velferðarstarfi.“

Svo er það prestsvígsluhlutverkið. „Ég var að vígja prest 1. desember hér á Hólum, hann er að koma til þjónustu á þessu svæði. Ég er búin að vígja þrjá presta hér í haust, kornungt fólk sem er að koma til starfa, það er skemmtilegt. Það eru mikil kynslóðaskipti að verða í kirkjunni, fjöldi presta



Solveig Lára í helgidóminum á Hólum, sem altaristaflan Hólabríkin, mikil gersemi sem Jón Arason biskup keypti í Hollandi, setur sterkan svip á.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

er að fara á eftirlaun og margt ungt fólk í startholunum því atvinnuleysi hefur verið meðal ungra guðfræðinga. Við höfum misst marga til Noregs, ég held það séu tuttugu íslenskir prestar starfandi í Noregi. En nú eru þeir að tínast til baka einn af öðrum, til dæmis ungur maður sem var vígður hér til starfa nýlega, hann var búinn að starfa í Noregi sem óvígður prestur. Þetta var í fyrsta skipti sem ég vígi mann sem er bæði búinn að skíra og jarða. Hann verður héraðsprestur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Sú endurnýjun sem er að eiga sér í



**ÞETTA VAR Í FYRSTA
SKIPTI SEM ÉG VÍGI MANN
SEM ER BÆÐI BÚINN
AÐ SKÍRA OG JARÐA.**

stað er frábært dæmi um að kirkjan á enn erindi í samfélaginu og mun sækja af krafti inn í framtíðina í samfylgd með þjóðinni.“

**Fólk finnur helgi staðarins
Í Skagafirði eru yfir tuttugu kirkjur.
Hvernig gengur að halda uppi safnaðarstarfi í þeim og sinna viðhaldi þeirra?**

„Þetta er góð spurning. Um kirkjustarfið er það að segja að í langflestum litlu kirkjunum er bara messað einu sinni á ári, annaðhvort á jölum eða sumrin. Vardandi viðhaldið þá hafa sóknargjöld farið

hríðlækkandi síðustu ár, við fáum ekki nema örlítið brot af því sem við eigum að fá, lögum samkvæmt. En þau nægja til að hita kirkjurnar upp einu sinni á ári og borga organista jafn oft. Viðhald er ekkert til að ræða um. Einu peningarnir í það eru þeir sem fást frá Minjavernd. Þannig er staðan. Sumir sækja hart á Minjavernd og kirkjur hafa verið gerðar upp fyrir stórfé. Aðrir finna sig ekki í að verja almannafé í að halda við þessum húsum. Þéttleiki kirknanna hér kemur til af því að þær eru margar byggðar milli 1850 og 1870 og þá var miðað við að fólk



GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Við þökkum viðskiptavinum og samstarfsaðilum samfylgdina og óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.



„Það er einstaklega áhugavert og ánægjulegt að kynnst því unga fólki sem er að koma inn í prestsstarfið, það er einlægt trúfólk, vandað og vel gert,“ segir Solveig Lára.

færi ríðandi eftir morgunmjaltir til messu, drykki kaffi á kirkjustað og væri komið aftur heim fyrir kvöldmjaltir. Það grunaði ekki að nokkrum áratugum seinna yrði komið eitthvað sem hétu bíll. En það gerðist.“

Hóladómkirkja er aðaladráttarafl ferðamanna heim að Hólum, að sögn Solveigar Lára. „Kirkjunnar er getið í mörgum ferðabókum þannig að hingað koma túristar yfir sumartímann. Langflestir koma vegna sögu staðarins en upplifunin verður oft trúarleg því algengt er að fólk finni fyrir sterkum hughrifum þegar það kemur inn í kirkjuna – og jafnvel þó það fari ekki inn þá finnur það fyrir helgi staðarins. Það er mjög sérstakt.“ Spurð hvort kirkjan sé vinsæl til kirkjulegra athafna svarar hún: „Það er aðallega fólk sem hefur tengsl við staðinn sem lætur skíra hér og gifta, svo eru auðvitað jarðarfarir fólks sem býr í söfnuðinum. En ég er svolítið hissa á að kirkjan skuli ekki vera vinsælli fyrir hjónavígslur en hún er, því hér er góður salur fyrir 100–150 manna veislu og einnig hægt að gista, þannig að þetta er ekta brúkaupsstaður.“

Sjálf kveðst Solveig Lára lítið sinna athöfnum. „Það var mesta breytingin frá því sem ég var í áður og ég saknaði þess til að byrja með en komst svo í aðra rútinu. Ég er búin að skíra yfir þúsund börn og ferma annað eins í gegnum tíðina. Ég starfaði í sautján ár sem prestur á höfuðborgarsvæðinu og síðan tólf ár á Möðruvöllum, svo er ég búin að vera sjö ár hér, þannig að samanlagt gera þetta hundrað ár eða eitthvað svoléidis! Þetta hefur verið ánægjulegur starfstími.“

Má ekki láta keðjuna slítta

Solveig Lára er ósatt við að unga kynslóðin kynnist almennt ekki lengur biblíusögum. „Sum börn sem eru að koma til fermingar- undirbúnings hafa ekki heyrt eina

einustu biblíusögu. Þó tiltölulega stutt sé síðan hætt var að kenna þær í skólum þá er þetta fljótt að gerast. Nú er að koma upp í háskóla fólk sem aldrei hefur lesið biblíusögur og það hefur farið mikils á mis. Heimsbókmenntirnar gera ráð fyrir að fólk hafi vissan grunn – orðatilteki, ljóð og tilvitnanir vísa í biblíusögurnar, við getum nefnt söguna um miskunnsama Samverjann eða um bjálkann og flísina. Ungt fólk veit ekkert um hvað er verið að tala. Ég er ekki að kenna skólunum um, heldur varpa ábyrgðinni á fjölskyldur og foreldra. Þeirra ábyrgð er miklu meiri eftir að skólarnir hættu að taka að sér þetta hlutverk. Foreldrar ættu að fara með börnin í kirkjuna, þar er öflugt barna- og unglíngastarf. Ég höfða líka oft til afa og ömmu og segi þeim að vera ekki feimin við að biðja með barnabörnunum.“

Ekki hefur Solveig Lára samt miklar áhyggjur af minnkandi þjóðkirkjuaðild, telur að breytt skráningarfyrirkomulag sé stór þáttur í henni. „Núna fara börn ekki lengur sjálfkrafa inn í þjóðkirkjuna, þó þau séu skírd af presti heldur þurfa foreldrar að skrá þau þar, þetta eru ekki allir meðvitaðir um,“ útskýrir hún. „Það er þó rúmlega meiri hluti þjóðarinnar í þjóðkirkjunni og vaxandi fjöldi í kaþólsku kirkjunni, því margir útlendingar sem hingað flytja eru kaþólskir. Söfnuðir Frikirknanna í Hafnarfirði og Reykjavík eru vaxandi, auk þess eru margir aðrir kristnir söfnuðir og ég hugsa að samtals séu um 90% þjóðarinnar kristin. Meðan svo er þurfum við ekki að hafa áhyggjur en verðum samt að vera vakandi gagnvart ábyrgð okkar á ungu kynslóðinni. Það er ekki nóg að við séum kristin, við þurfum að miðla trúnni áfram til næstu kynslóðar. Það hefur verið gert í yfir 2000 ár að ein kynslóð hefur miðlað til annarrar, það má ekki láta þessa keðju slítta.“

Þú talar um að fólk sé að koma í Háskólann sem ekki þekki dæmisögurnar úr biblíunni. Sækir fólk samt enn í að læra til prests?

„Það hefur lengi verið vinsælt að fara í guðfræðideildina og ég hef þakkað það hinu góða barna- og unglíngastarfi í kirkjunni. En vegna atvinnuleysis meðal ungra guðfræðinga undanfarið hefur dregið úr aðsókn í deildina. Fólk er ekki að leggja á sig fimm ára nám til að hanga atvinnulaust að því loknu. Þannig að nú þegar svona margt ungt fólk er að koma inn í kirkjustarfið þá gætum við upplifað prestaskort um tíma. Vonandi eykst þá aðsóknin að deildinni á ný. Það er einstaklega áhugavert og ánægjulegt að kynnst því unga fólki sem er að koma inn í prestsstarfið, það er einlægt trúfólk, vandað og vel gert. Mér finnst því bjart fram undan í kirkjunni.“

Aðskilnaður ríkis og kirkju fer líka ágætlega í Solveigu Lára. „Hinn stóri aðskilnaður fór eiginlega fram um áramótin 1997–1998, þegar ríkið tók við kirkjujörðunum. Afgjald af þeim var bundið í laun fyrir 138 prestsembætti. Nú um áramótin verður sú breyting að ekki verður miðað við ákveðinn embættafjölda heldur ákveðna fjárupphæð. Það býður upp á allt annað vinnuumhverfi innan kirkjunnar og auðveldar okkur að sameina prestaköll, auka samvinnu og jafna þjónustu- byrði.“

Jólin á Hólum

Nú er vígslubiskupinn bedinn að lýsa jólahaldi á staðnum. Hvað er til dæmis á borðum á heimili þeirra hjóna á aðfangadagskvöld?

„Við erum alltaf með gæs. Það er danskur síður frá mínu bernskuheimili. Við fylgjum líka þeim gamla danska síð að hafa jólagrautinn á undan gæsinni, fátækir höfðu það þannig til að fylla svolítið í magana áður en að steikinni kom. Svo er heimatilbúinn ís á eftir.“



VIÐ EIGUM AÐ GÆTA

AÐ NÁUNGA OKKAR Á

HVERJUM TÍMA OG JÖRÐIN

OG FLÓTTAFÓLKID ERU

„NÁUNGI OKKAR“ Í DAG.

VIÐ VERÐUM AÐ VERNDA

JÖRÐINA.

En fyrst setjumst við hér niður í stofunni klukkan sex, þrúðbúin og hlustum á útvarpsguðsþjónustuna. Borðum ekki undir messunni eins og margir gera. Ég kannski stelst aðeins frá til að hræra í einhverju. Setjumst svo að matborðinu eftir messu og síðan eru það pakkarnir. Klukkan ellefu á aðfangadagskvöld förum við út í kirkju. Þá er fjölskyldustund fyrir alla sem vilja, rétt rúmur hálf tími, sungnir fjórir jólasálmur, jólaguðspjallið lesið og örstutt hugleiðing. Ég sé um þessa stund. Þegar við komum heim setjumst við aftur niður og lesum á jólakortin. Á jóladag er stór og mikil guðsþjónusta með hátíðasöngvum og öllu tilheyrandi klukkan tvö. Ég held líka utan um hana og er alltaf með jólakaffi og tilheyrandi hér heima á eftir. Svo messa ég á gamlársmessa klukkan tvö, það er mjög huggulegt. Hápunkturinn er þegar ég fæ að hringja kirkjuklukkunum klukkan tólf á miðnætti á áramótunum. Það er hátíðlegt. Byrja á mínúttunni tólf og hringi í þrjár mínútur. Um leið og ég er búin byrjar flugeldasýning. Allir íbúar Hóla safnast saman hér uppi á Hólum.“

Misjafnt er hversu margir eru á heimilinu um jólin, að sögn Solveig

ar Lára. „Annaðhvort koma allir eða enginn,“ segir hún hlæjandi. „Í fyrra vorum við tvö og barnabörnunum fannst það algerlega hræðilegt, en jólin komu samt alveg. Nú verður meira fjör. Yngsta dóttir mín býr í New Orleans og hún kemur til landsins og kærastan hennar, þær verða báðar hér. Önnur dóttir mín býr í Reykjavík, á einn son og kemur með hann, svo væntanlega koma sonur minn og tengdadóttir, sem búa líka í Reykjavík, milli jóla og nýárs með sína tvo stráka, svo þetta verður mjög gaman. Gylfi á einn son sem býr líka í New Orleans en hann kemur ekki heim um jól. Við Gylfi eigum engin börn saman, bara hundinn, köttinn og hænsein!“

Jörðin okkar og flóttafólkið

Solveig Lára segir andlega velferð hvers einstaklings jafn mikilvæga samfélaginu og félagslega velferð og öflugt heilbrigðiskerfi. „Hún er lykilmáttur í hamingju fólks og lífsfyllingu. Þar hefur kirkjan stórt hlutverk. Umhverfismálin eru líka köllun kirkjunnar og réttindi flóttafólks. Við eigum að gæta að náunga okkar á hverjum tíma og jörðin og flóttafólkið eru „náungi okkar“ í dag. Við verðum að vernda jörðina. Kirkjan hefur verið með stóra fyrirlesara á Arctic Circle ráðstefnunni og öll predikun og allt starf í kirkjunni hefur verið helgað umhverfinu á tímabili sköpunarverksins frá miðjum september fram í miðjan október í mörg ár en betur má ef duga skal.“

Hvað flóttafólkið varðar þá erum við með fimm presta á höfuðborgarsvæðinu sem þjóna innflytjendum. Það á að vera áhersluatriði kirkjunnar að slá skjaldborg um fjölskyldur með litil börn sem eru á flotta hér á landi undan harðstjórn eða stríðsástandi í heimalandinu. Að visa þeim úr landi, jafnvel um miðjar nætur, á aldrei að gerast – það er nú bara jólaboðskapurinn í hnotskurn.“

Gleðileg jól

Þú getur alltaf treyst á okkur

Yfir hátíðarnar eru á fjórða þúsund sjálfbóðaliðar okkar til taks.
Til viðbragðs dag og nótt, ef með þarf.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG



GÆÐAVOTTUN Á
GRUNDELLI ALÞJÓÐLEGA
GÆÐASTAÐALSINS ISO 9001



JAFNLAUNAVOTTUN
2019-2022



SLYSAVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG
VIÐ ERUM AÐAL-
STYRKJARAÐILI SLYSAVARNA-
FÉLAGSINS LANDSBJARGAR



KOLEFNISJÖFNUN Á ELDS-
NEYTISKAUPUM VÖÐSKIPTAVÍNA
OG ÖLLUM REKSTRI



ÖFLUGUR STUÐNINGUR
VIÐ ÍÞRÓTTASTARF
UM ALLT LAND

Tólakveðja

Starfsfólk Olís óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum friðar, gleði og fararheilla um hátíðirnar.

Við þökkum dýrmæta samfylgd á árinu og hlökkum til að þjónusta vini okkar við veginn á því næsta.



MYNDARLEGUR STUÐNINGUR
VIÐ MARGVÍSLEG
GÓÐGERÐARSAMTÖK



AÐALSTYRKARADILI
ÍSLANDSMÓTSINS Í HANDBOLTA
UNDANFARIN FIMM ÁR

Vinur við veginn



Grýla kallar á frelsarann



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Á jólum fyrri tíðar vógu kristnar helgisögur ljóss og vonar salt við myrkan hrylling hins óþekkt. Til byggða komu kynjaverur, Grýla, Leppalúði, jólasveinar og -köttur. Þetta var tími bæði hátíðar frelsara og Grýlu, ljóss og skugga, vonar og ótta.

Grýla og hennar fylgdarlið var þannig dregið fram og minnti á skugganna. Þannig eiga hátíðir að vera, því góðar hátíðir endurspeglar raunveruleikann eins og hann er – og hjálpa okkur þannig að takast á við lífið í óvissum heimi.

Á tímum velgengni veikjast skuggaverurnar. Við skjálfum ekki lengur af ótta við Grýlu sem tekur óþæg börn. Í góðærinu gerist hið sama við ljós og frelsara. Þegar hinar neikvæðu hlíðar tilverunnar missa mátt sinn, hvað þurfum við þá á frelsurum að halda?

En Grýlur munu alltaf skjóta upp kollinum. Skuggahlíðar tilverunnar og erfiðleikar verða alltaf til. Okkur nálgast nú sú ógn sem nefnd er hnatthlýnun – og hún hyggst taka okkur öll – öll óþægu börnin og setja í pokann. Þetta er ekki sagt af léttuð, ógnir vorra daga eru raunverulegar, ekkert síður en ógnir fyrri alda.

Ógnir geta verið hnattrænar, pólitískar eða persónulegar – og allt þar á milli. En eitt er þeim sameiginlegt: Þær krefja okkur um lausnir. Grýla kallar á frelsara ef svo mætti segja. Frelsararnir eru margir og lausnirnar misjafnar. Menn laðast að leiðtogum og sterkum mönnum andspænis ógnum og hefja þá upp til skýja. Við getum horft til illræmdra einræðis- og alræðisforingja síðustu aldar. Þeir hljóma miðlungi vel í dag, en á sínum tíma töldu margir einmitt þessa menn vera frelsara sinna daga.

Kristur er ólíkur öðrum frelsurum því hann reyndi aldrei að stjórna fólki á sama hátt. Hann sagðist kominn til að stofna á jörðu, það sem hann ymist nefndi „Guðs ríkið“ eða einfaldlega „Himnaríki“. Megnið af kenningu Krists er annaðhvort lýsing á þessu ástandi eða leiðbeiningar um hvernig því verði komið á. Þetta einkennist af því að fólki er treystandi, það elskar sannleikann, er velviljað, menn eru fljótir að leita sátta, en seinþreyttir til vandræða, reyna að sigrast illt með góðu. Hinir sterku drottna ekki yfir öðrum heldur reyna að gera gagn. Sá er mestur sem vill þjóna öðrum. Áberandi er áherslan á að bæta sjálfan sig fremur en aðra. Draga fyrst bjálkann úr eigin auga.

Hvort Jesús Kristur fæddist í fjárhúsi má einu gilda. Eins og aðrir frelsarar hlýtur hann að standa – eða falla – með því hvernig boðskapur hans reynist. Þar hefur hann vinninginn yfir aðra sem töldu sig leiðtoga og frelsara. Hann reyndi ekki að hræða fólk með óvinum heldur kenndi því að elska óvini sína. Sú kenning hefur reynst öflugri en flestar aðrar.

Jesús sem var lagður í jötu sýnir afl og mátt umhyggju og miskunnsemi. Þó að honum væri hafnað, og sé enn og aftur hafnað, þá hefur enginn haft meiri áhrif til góðs en hann, þrátt fyrir allt.



Jesús sem var lagður í jötu sýnir afl og mátt umhyggju og miskunnsemi. Þó að honum væri hafnað, og sé enn og aftur hafnað, þá hefur enginn haft meiri áhrif til góðs en hann, þrátt fyrir allt.

Halldór



Frá degi til dags

Martröð umbrotsins

Það var ekki laust við smá þórðargleði þegar maður fletti í gegnum síðasta sundnagsblað Morgunblaðsins. Þar er á vettvangssiðu að finna grein eftir Ögmundur Jónasson, fyrrverandi þingmann og ráðherra, en stór hluti pistilsins kúrir hulinn undir ryksugauglýsingu með yfirskriftinni: „Þú átt skilið það besta.“ Ögmundur yrði líklega ekki sammála því að hann hafi fengið það besta, en þrátt fyrir að lesendur hafi ekki fengið að njóta greinar hans í heild þá vita þeir í það minnsta að ryksugurnar frá LauraStar strauja, gufa og hreinsa.

Kerti og svik

Jón Gnarr, fyrrverandi nörd og borgarstjóri, fór hörðum orðum á Twitter um þá sem borða svínakjöt á jölunum. Þar sakaði hann þá um föðurlandssvik og sagði þá beygja sig undir danskan síð. Sigmar Vilhjálmsson, nýskipaður musterisriddari svínabænda, var ekki lengi að drepa grínið og benti Jóni á öll þau íslensku staðarheiti sem draga nöfn sín af svínunum. Stakk hann að lokum upp á að Jón kynnti sér betur sögu Íslands. Kannski er vísast að sanna föðurlandsástina á jölunum með því að einkorða jólamatseldina við þau dýr sem voru hér fyrir landnám: rjúpu og heimskautaref. arnartomas@frettabladid.is

Dánaraðstoð, en hvað svo?



Dögg Harðardóttir
deildarstjóri

Fyrir nokkrum dögum skrifaði Kolbrún Bergþórsdóttir grein í Fréttablaðið um dánaraðstoð. Í greininni lét hún þess getið að heilbrigðisstarfsfólk sé tregt til að ljá málinu stuðning. Ég hef verið heilbrigðisstarfsmaður í áratugi og greinin fékk mig til að hugsa aðeins lengra.

Ég hef ekki tölu á þeim dánarþingum sem ég hef komið að. Ég hef hjúkrað fólk sem hefur kvatt lífið satt lífdaga í sátta við Guð og menn og ég hef hjúkrað fólk sem hefur lokið æviskeiði sínu en er reitt og biturt. Ég hef líka hjúkrað fólk sem er hrætt við að deyja.

Hið óþekkt

Það er auðvelt að hafa sterkar skoðanir á lífinu og dauðanum þegar allt leikur í lyndi. En þegar fólk finnur að það getur ekki staðið gegn þessu völduga afli sem dauðinn er og enginn fær flúið þá finna sumir til ótta. Ótta við hið óþekkt. Ótta við hvað geti mögulega tekið við. Ef til vill óttast fólk að þurfa að horfast í augu við sjálft sig. Hvernig það spilaði úr því sem því var gefið. Ótta við að uppskera eins og það hefur sáð og veit kannski að sáningunni var ábótavant.

Dag einn kemur röðin að okkur öllum

Þá er gott að minnst þess hvað drengurinn litli sem fæddist í Betlehem og við minnumst á jölunum sagði þegar hann var orðinn fullorðinn. Hann hvatti fólk til að jata syndir sínar, fyrirgefa náunganum og fylgja sér. Hann gaf okkur bænina Faðir vor og sagði: „Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi.“ Það er dýrmæt jölagjöf að fá að taka í höndina hans og leyfa honum að leida sig, hvenær sem að okkur kemur.

Gleðileg jól!



Það er auðvelt að hafa sterkar skoðanir á lífinu og dauðanum þegar allt leikur í lyndi.

M18 FUEL
M18 FLAG
Aluöru slípirokkur frá Milwaukee

Fyrsti stóri slípirokkurinn knúinn af einni rafhlöðu sem skilar afli til þess að slípa, er léttari en snúrurókkur í sinni stærð.

Sveigjanlegt rafhlöðukerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

Verð 136.900 kr. (með rafhlöðu)

VERKFÆRA SALAN

Með falafel og kók á Betlehemsvöllum



Þórhallur Heimisson
prestur
og ráðgjafi

Þegar þetta er skrifað nálgast jólin hröðum skrefum og flestir að komast í jólagírinn. Ég er búsettur í Svíþjóð um þessar mundir og starfa þar sem prestur í sænsku kirkjunni. Það hefur verið mikið að gera í prestsstarfinu hér eins og gerist og gengur í desember, og þær eru orðnar margar jólaheimsóknirnar hjá mér í klúbba og félög og á tónleika, í skóla og á samþýli. Eins og örugglega er staðan hjá prestum á Íslandi. Þessar árvissu adventuheimsóknir eru alltaf jafn skemmtilegar, þá fær maður sem prestur tækifæri til að spjalla um jólin og jólaboðskapinn við alls konar fólk og gleðjast með fólki út um allan bæ. Eða skóg. Því ég starfa í skógunum í Smálöndunum, þar sem sögurnar um Línu Langsokk og Emil í Kattholti gerast.

Venjulega lýkur þessum adventuheimsóknum með því að jólaguðspjallið er lesið og sunginn er jóla-sálmurinn „Heims um ból“ sem við öll þekkjum. Frásagan af fæðingu Frelsarans á Betlehemsvöllum snertir okkur öll á einn eða annan hátt – leyfi ég mér að segja hvort sem við erum trúuð eða ekki.

Í október síðastliðnum var ég reyndar staddur á sjálfum Betle-



Frá Jerúsalemborg í Ísrael. NORDICPHOTOS/GETTY

hemsvöllumum með hóp af Íslendingum sem ég var að leiðsæja um Landið helga, Ísrael, Palestínu og Jórdaníu. Ég hef komið þarna með hópa margsinnis á undanförunum árum, en áhrifin eru alltaf jafn mögnuð. Að þessu sinni var ég auk þess að koma beint frá Egyptalandi, sem líka tengist jólafrásögunni. Borgin Betlehem hefur vaxið í gegnum aldirnar og nú eru vellirn-



Og múrinn sem teygir sig eina 700 kílómetra, alsettur gaddavir og varðturnum og vopnuðum hliðum er ekki beint jólalegur.

ir þar sem fjárhirðar forðum gættu hjarðar sinnar inni í miðju úthverfi – það litla sem eftir er af þeim. En samt, ferðamaður sér söguna vel fyrir sér þegar þangað er komið. Þarna rétt hjá er Fæðingarkirkjan þar sem sagan segir að fjárhúsið þar sem Jesús fæddist hafi verið. Hvort sem það er nú rétt eða ekki er magnað að koma þangað. Við Íslendingarnir, sem komum þarna

í október, keyrðum niður á Betlehemsvelli um hádegisbil og vorum orðin nokkuð svöng eftir ferðina, enda búin að vera á göngu í Jerúsalem fyrr um morguninn. Leiðin hafði legið frá Jerúsalem í gegnum hlið á aðskilnaðarmúrnum sem Ísraelsmenn hafa reist milli Ísraels og yfirráðasvæðis Palestínu, og reyndi það á sálartetrið að aka þar í gegn. Okkur túristunum var að visu hleypt hratt og örugglega áfram af vopnuðum hermönnum. En það var erfitt að horfa upp á raðir Palestínunna við hliðið sem ekki fengu sömu meðferð. Og múrinn sem teygir sig eina 700 kílómetra, alsettur gaddavir og varðturnum og vopnuðum hliðum er ekki beint jólalegur. Þarna í hverfinu, þar sem eitt sinn hjarðir gengu á beit á Betlehemsvöllum, vorum við búin að panta hádegisverð á dægilegu kebab-grilli sem þar stendur. Fengum við hið besta kebab og falafel og grænmeti með og skoluðum öllu niður með kók úr flöskum skreyttum arabísku lettri, enda Betlehem að mestu arabísk borg og á yfirráðasvæði Palestínunna. Hitinn var þó nokkur og gott að sitja í skugganum með kókið og arabíska tónlist í eyrum og láta hugann reika til hirðanna, englanna og hinnar heilögu fjölskyldu. En einnig til allra þeirra átaka sem hafa hrjád þetta litla land undanfarin 2000 ár.

Nú eru jólin sem sagt að koma. Ég sendi hljóða bæn yfir hafið og vona að Guð gefi að friður fái loksins að ríkjá á Betlehemsvöllum eins og englarnir sungu um forðum daga.

www.ils.is

569 6900

09:00 – 16:00





Íbúðalána
sjóður

Við sendum landsmönnum hlýjar kveðjur

Með ósk um gleðileg jól
og farsæld á komandi árum



ÁRIÐ MED AUGUM GUNNARS KARLSSONAR



FRÉTTABLAÐIÐ
 ÞRIÐJUDAGUR 24. DESEMBER 2019

Gleðileg jól



Valborg með þríburana sína, Brieti Karítas, Brynjar Kára og Bergdísu Köru. Hún segir börnin hafa kennt sér sanna gleði og þakklæti. MYND/AUDUNN NIELSSON

Heimilið er fullt af gleði

Kirkjuklukkur hringja inn þriðju jólin í lífi akureyrsku þríburanna Bergdísar Köru, Brietar Karítasar og Brynjars Kára í kvöld. Spennan er ápreifanleg. ➔2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
 thordisg@frettabladid.is



Börnin hafa kennt mér sanna gleði og þakklæti. Þau hafa líka kennt mér að svefn er mjög mikilvægur, og eftir svefnlitlar nætur í tæp þrjú ár er stundum hægt að vera þreyttur á öðru leveli. Þau hafa kennt mér að það er hægt að vera hamingjusamur þótt gólfíð sé skítugt, fingraför um allt og óreiða í skúffum og skápum. Þau hafa kennt mér að tími er afstætt hugtak – það er lítill tími til að gera eitthvað annað en að hugsa um þau, en þannig á það líka að vera. Þau eru mikilvægust og best!“
 Þetta segir Akureyringurinn

Valborg Rut Geirsdóttir sem eignaðist þríbura ein síns liðs og með aðstoð tæknifrjövgunar hinn 19. janúar 2017. Valborg var í viðtali við Fréttablaðið þegar þríburarnir voru á fyrstu mánuðum lífs síns en í janúar næstkomandi verða þau þriggja ára.

„Tilveran er bara ansi góð. Lífið er í það minnsta mjög fjörugt, skemmtilegt, skrautlegt og oft hávaðasamt,“ segir Valborg og hlær.

Hún hefur fengið mikla kennslu í þolinmæði síðasta árið.

„Ó, elsku sjálfstæðisbarátta! Tveggja til þriggja ára aldurinn er ansi rosalegur á köflum, í það minnsta þegar þrjú börn skiptast á um að taka baráttuna alla leið. Mér

hefur farið töluvert fram í þolinmæði en það virðist samt aldrei nógu mikið. Ég þarf að æfa mig enn meira í þeirri dyggð. Samkomulagið er sem betur fer oftast gott, en börnin eru líka alveg stundum ósatt hvert við annað og láta hvert annað finna svolítið fyrir því. Sem betur fer er nú samt alltaf mjög stutt í knúsið,“ segir Valborg í faðmi yndislegra barnanna.

Briet Karítas ræður heimilinu
 Þríburarnir Brynjar Kári, Bergdís Kara og Briet Karítas pluma sig vel í lífinu.

„Þau eru ekki alltaf samstíga í hlutunum og svo sannarlega ekki alltaf sammála. Það er oft svolítið skondið að fylgjast með þeim

deila um eitthvað sem þeim finnst skipta miklu máli. Þrátt fyrir það eru þau líka samrýmd, sérstaklega stelpurnar, og þau sækja öll í að vera mikið saman,“ upplýsir Valborg um börnin sín þrjú sem þrátt fyrir að vera þríburar eru talsvert ólík.

„Brynjar Kári er mikill dundari sem á auðvelt með að gleyma sér lengi við sama verkefnið. Hann er líka miklu skapbetri en systurnar sem eru mjög ákveðnar og láta meira fyrir sér fara með alls kyns serimóníum í kringum hlutina; það þarf allt að vera gert eftir þeirra höfði og í rétttri röð. Yfirleitt er það Briet Karítas sem ræður hér

Framhald á síðu 2 ➔

DAG HVERN LESA

96.000

ÍSLENDINGAR
 FRÉTTABLAÐIÐ
 AÐ MEÐALTALI

Framhald af forsiðu →

á heimilinu og hefur í raun gert síðan þau voru litil þó Bergdís Kara gefi henni oft ekkert eftir. Bríet Karítas er bæði líkust mér í útliti og persónu, en þó svo að ég hafi alltaf verið ákveðin og svolítið þrjósk er hún löngu búin að toppa mömmu sína þar," segir Valborg og kímir.

Hún viðurkennir að stundum sé svolítið baráttu að skipta sér á milli barnanna þegar kemur að spjalli, leik og kúri en að þeim takist nokkuð vel að komast að samkomulagi og skiptast á.

„Það er helst fyrst á morgnana þegar þau vilja öll láta halda á sér úr svefnherberginu og inn í stofu, nývöknud og langar í smá kósi-stund fyrir morgunmatinn. Yfirleitt leikum við okkur öll saman og þá eru allir sáttir og eins ef einhver meiðir sig, þá hefur það barn alltaf forgangsrétt á mömmu sína, sem þau skilja öll.“

Sofna ekki án mjólkursopa

Nú þegar þrjú barnin nálgast þriðja afmælisdaginn segir Valborg uppeldi þeirra krefjandi en á annan hátt en þegar þau voru ungbörn.

„Þegar ég lít til baka finnst mér allt hafa verið miklu auðveldara þegar þau voru yngri. Áður en allir fóru að hreyfa sig hratt, hafa skoðanir á öllu og ég þurfti aldrei að rökræða neitt. Núna fer mikill tími í að tala þau til og sannfæra þau um að taka þátt. Svo er auðvitað margt sem er farið að ganga betur. Ég fæ stundum tíma til að borða nú þegar þau eru farin að borða sjálf og ef vel liggur á þeim geta þau líka klætt sig í og úr sjálf sem flýtir fyrir og auðveldar," segir Valborg og heldur áfram:

„Ég hlakka svolítið til þegar við getum á auðveldan hátt farið hvert sem er saman. Svona án þess að ég eigi á hættu að týna barni eða komi þeim ekki heim vegna prakkaraskapar þegar þau hafa æst hvert annað upp í ærslagangi. Og þegar við getum farið saman í ferðalag og útilegu án þess að vera háð því að það komi fleiri með til að hjálpa mér. Við erum ekki alveg orðin sjálfbær enn þá á sumum sviðum en það fer held ég að stytta í það.“

Sem betur fer sé liðin sú tíð að allir séu vaknaðir klukkan sex að morgni.

„Hér eru allir vaktir um sjö virka daga og ég er ekki frá því að börnin séu að læra að sofa út um helgar. Brynjar Kári er alltaf vaknaður fyrstur um helgar en oft um átta. Það er helling útsof að mínu mati þó systur hans geti sofið töluvert lengur," upplýsir Valborg.

Háttatíminn gengur líka oftast vel þó hann gangi verulega hægt. „Það getur tekið tímann sinn að fá þrjú börn á þessum aldri til að fara í náttföt og slíkt! Ég syng fyrir börnin á kvöldin en á daginn syngjum við og lesum saman. Þau eru öll sammála um að það sé algjörlega vonlaust að sofna fyrr en þau hafa fengið mjólkursopa uppi í rúmi og séu með tvær til þrjár snuddur hvert. Þau sofna í rúmunum sínum og eiga að sofa þar en það kemur fyrir að þau komi upp í til mín. Það hefur sem betur fer hitt þannig á að yfirleitt er bara eitt barn sem vaknar um miðja nótt og tilkynnir að það vilji sofa í mömmurúmi. Eitt barn er notalegt en þrjú eru of mikið af því góða því þá er ekkert pláss fyrir mig!“ segir Valborg sposk.

Dýrmætt að eiga systkini

Börnin byrjuðu í leikskóla Hjallastefunnar í haust. Hann er kynja-skiptur.

„Það hefur komið vel út fyrir þau. Brynjari Kára fannst þetta svolítið skrytið fyrst, að vera ekki með systur sínum, en hann hefur gott af smá fríi frá þeim og hittir þær glaður seinnipartinn. Bergdís Kara og Bríet Karítas eru hvor í sínum höpnum á sinni deild svo þær eru ekki saman í öllu. Mér finnst skipta



Valborg segist vonast til að systkinin verði alltaf nán enda sé dýrmætt að eiga systkini sem standa manni nærri í lífinu. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

miklu máli að þau séu líka einstaklingar en ekki alltaf hópur. Þau sækja mikið hvert í annað þegar þau hittast á leikskólanum en þegar ekki annað systkini er nærri leika þau við aðra vini og vinkonur í meiri mæli," segir Valborg.

Þrjú barnin eru sannir vinir.

„Þau leika sér yfirleitt alltaf saman hér heima og ræða mikið sín á milli hvernig allt á nú að vera. Ég vona að þau verði alltaf nán hvert öðru og haldi miklu sambandi hvert við annað þegar þau eldast. Ég held að það sé mjög dýrmætt að eiga systkini sem standa manni nærri í vináttu og lífinu öllu," segir Valborg af móðurást.

Útivera kemst ofarlega á lista yfir það sem börnunum þykir skemmtilegast að gera.

„Þeim finnst líka alls kyns kubb- ar mjög skemmtilegir og að leira. Okkur finnst líka öllum gaman að baka og stundum skellum við í köku þótt allt heimilið beri þess eflaust merki á eftir," segir Valborg sæl.

Uppáhaldstími hennar yfir daginn eru helgarmorgnar með börnunum.

„Kósikvöld eru ekki til á þessu heimili fyrr en börnin eru sofnuð! Við tökum kósímorgna í staðinn um helgar og kíkjum þá kannski á eina teiknimynd eða svo, þessa stuttu stund sem athygli barnanna nær. Fljótlega förum við svo bara að púsla, lesa eða leira, svona ef við ætlum að hafa það rólegt. Mér finnst gott þegar við getum öll haft það kósi saman, leikið okkur og tekið allan þann tíma sem okkur hentar í verkefni. Ég er því ansi spennt fyrir frídögum yfir jólin þar sem við getum átt nokkra svona daga saman.“

Besti tíminn með börnunum

Valborg fór aftur til vinnu þegar þrjú barnin byrjuðu í leikskóla.

„Það var dásamlegt að fá tækifæri til að vera með þau heima í tvö og hálf ári og ég er mjög þakklát fyrir það. Ég á enn svolítið erfitt með þetta leikskólalíf og myndi vilja hafa efni á því að vera meira heima

með börnunum mínum. Stundum finnst mér erfitt að aðrir en maður sjálfur njóti þeirra forréttinda að eyða deginum með þeim. Ég vildi að lífið gæti gengið upp þannig að við værum í vinnu og leikskóla hálfan daginn en það gerir það því miður ekki," segir Valborg sem vinnur rúmlega fulla vinnu, sem matráður í öðrum leikskóla á daginn og við þrífir fyrirtæki á kvöldin þegar börnin eru sofnuð.

„Þessi blessaði kostnaður við börnin og heimilishaldið hefur sem betur fer alltaf reddast. Það er vissulega mjög dýrt þegar þarf að kaupa útifatnað og skó á öll þrjú en dýrasti liðurinn er klárlega húsnæðislandið á íbúðinni sem ég keypti í vor. Við bjuggum áður á þriðju hæð í blokk sem hentaði mjög illa en erum nú komin í hentugra húsnæði á jarðhæð sem hefur gert lífið mun auðveldara þó peningalega séð hafi róðurinn þyngst. Að öðru leyti finnst mér leikskólajöldin frekar há og fann mikið fyrir því þegar þau bættust við reikninga heimilisins. Börnin eru enn með bleiu að hluta til en ætli það fari ekki að koma að því að við kveðjum þær. Ég er allavega ansi spennt fyrir því. Ég hef ekki efni á miklum munaði eða ferðalögum en yfirleitt næg ég að láta mánuðinn ganga upp. Ég væri vissulega til í að hafa meira á milli handanna, eins og flestir, það væru sennilega allir til í það sama hvað sem við eigum mikið eða lítið," segir Valborg sem gefst sjaldan frí með sjálfri sér.

„Það gerist bara ef krakkarnir gista hjá mömmu og pabba og þá fer ég yfirleitt heim eftir kvöldmat að laga til og svo að sofa. Ég væri auðvitað alveg til í meira frí en það er tæplega möguleiki núna þegar við erum öll í vinnu og leikskóla. Maður vill nýta tímann eftir vinnu með börnunum og sem mest af helgunum. Svo þarf þú að sinna heimilinu líka og halda öllu gangandi. Mér finnst tíminn með krökkunum yfirleitt það besta en það hafa allir gott af því að gera eitthvað fyrir sjálfa sig líka. Það verður bara einhvern tímann seinna," segir Valborg kát.

„Ég á enn svolítið erfitt með leikskólalífið og vildi hafa efni á að vera meira heima með börnunum. Stundum finnst mér erfitt að aðrir njóti þeirra forréttinda að eyða deginum með þeim.“

„Að vera mamma brátt þriggja ára barna er klárlega best þegar allir eru brosandir og hlægjandi. Heimilið fullt af gleði og endalausri orku. Það er dásamlegt að horfa á þau þegar þau leika sér öll fallega saman og fyllir mann þakklæti. Þrjú veik börn er sennilega erfiðast, sem og mótþróa þriggja barna þegar ekkert þegar upp. Mér hafa oft fallist hendur, en sennilega mest yfir öllu dótinu og tiltektinni sem biður mín eftir mjög langa daga," segir Valborg.

Nú í desember lögðust þau öll, Valborg og börnin þrjú, lasin á sama tíma.

„Þá ganga börnin fyrir og maður verður bara að reyna eins og maður getur. Sinna þeim og kalla svo á aðstoð þegar maður er búinn á því. Við búum vel að hjálpsamri fjölskyldu sem léttir undir með okkur, bæði í leik og heimilisstörfum. En við höfum sem betur fer sloppið vel við veikindi og ég vona að þannig verði það áfram. Góð heilsa er jú gulli betri!“

Til í fleiri börn þegar róast

Jólaundirbúningur hjá litlu fjölskyldunni hefur gengið vel.

„Ég stressa mig ekki á neinu. Hvorki jólaþrífum eða því að baka ótal sortir af smákökum. Hér eru jólaljós í öllum gluggum og svolítið af skrauti, en mér finnst þetta jóladúllerí mjög skemmtilegt. Jólatréð fór upp um helgina og það varð spennandi að sjá hvort það fái að vera hér um bil í fríði fyrir litlum fingrum um jólin. Krakkarnir eru

spenntir fyrir þessu öllu en skilja held ég ekki alveg hver þessi jól eiginlega eru sem alltaf er verið að tala um," segir Valborg sem í kvöld heldur jól í þriðja sinn með þrjú barnunum sínum.

„Ég vona að jólin okkar verði góð og kósi. Aðfangadagskvöld verður sennilega ansi spennandi en ég hugsa að ég dreifi pakkagledinni á nokkra klukkutíma til að draga úr yfirþyrmandi spennu og svo krakkarnir þæli meira í hverri gjöf áður en þau fá þá næstu. Það var ekki planið að börnin fengu öll það sama í jólagjöf en það þarf að velja sér baráttur og stundum er bara auðveldara að allir fái eins þó það verði til þrennt á heimilinu. Þannig fór þetta einmitt núna að hluta til. En þau eru jú af tveimur kynjum og það er nú bara þannig að áhugamálin eru ekki öll þau sömu. Svo það verður líka eitthvað um hluti sem sumum á eftir að þykja meira spennandi en öðrum," segir Valborg sem kveðst afslöppuð þegar kemur að hefðum jólanna.

„Ætli ég leggi ekki mest upp úr því að jólastress sé sem minnst og að meira sé lagt upp úr rólegheitum, núvitund og samverustundum. Jólaboðum hefur fækkað með árunum en sum lifa enn sem mér finnst gaman og mikilvægt.“

Þrjú barnin fengu svo auðvitað í skóinn frá jólasveininum en fyrir talnaglöggja gerir það 39 skógjafir þrettán dagana fyrir jól.

„En ég jata að jólasveininum var fækkað svolítið hér á bæ og skórin settur aðeins seinna í gluggann. Mömmunni fannst þessir þrettán sveinar svona full mikið af því góða fyrir svona litla krakka, en okkur finnst þetta öllum nokkuð skemmtilegt," segir Valborg í jóla-skaði.

Þegar þrjú barnin voru sjö mánaða kvaðst hún vel geta hugsað sér fleiri börn.

„Akkúrat núna myndi ég sennilega segja pass í bili. Ég á alveg nóg með þessa þrjú uppátækjasömu snillinga. En um leið og þau fara aðeins að róast væri ég alveg til í fleiri, þó mér þyki ólíklegt að af því verði.“

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif. fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Húsviðhald

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.


Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.



GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



GLEÐILEG JÓL

OG GÓÐAN JÓLAANDA



HEILBRIGT INNILOFT SKIPTIR ALLA MÁLI.



Íshúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

sviftur.is

ALLT FYRIR HEILBRIGT INNILOFT

Smáauglýsingar óska viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

JS LJÓSMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
BLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

www.velaverkis.is

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

nyja.is

STÓRA BÍLASALAN

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Kletthálsi 2 • 110 Rvk • S. 586 1414
www.stora.is



LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.



KRÓKUR

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

www.krokur.net - Sími 522-4600.



Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími: 864 - 4188

Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

www.fjardarbolstrun.is



Suðurlandsbraut 52

108 Reykjavík

Sími 533 6050

Faxnr. 533 6055

www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson
lögg. fast.



Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.



Brynjar Baldursson
sölufulltrúi



Jóhann Friðgeir
Valdimarsson
sölufulltrúi



Kristinn Tómasson
lögg. fast.

*Jóla*keðja
starfsfólk Höfða
fasteignasölu

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*



Þökkum viðskiptin á árinu.



BÓRKUR HRAFNSSON



DAVÍÐ ÓLAFSSON



MARGRÉT ÁGÚSTSDÓTTIR



HÉÐINN BIRNIR ÁSBJÖRNSSON



RAGNHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR



STEFÁN JÓHANN ÓLAFSSON



GUÐRÚN ANTONSDÓTTIR



BÓÐVAR SIGURBJÖRNSSON



GUÐNLAUGUR ÞRÁINSSON



INGIMAR INGIMARSSON



ÞÓRA BIRGISDÓTTIR



ÚLFAR MÓR DAVÍÐSSON



BRANDUR GUNNARSSON

B O R G

F A S T E I G N A S A L A

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 • 108 REYKJAVÍK • FASTBORG.IS



*Borg fasteignasala
óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla*



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opið til kl. 14:00


í öllum verslunum Bónus í dag

**Gleðilega
hátið**



BÓNUS

ÁRIÐ MED AUGUM GUNNARS KARLSSONAR



Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?



Þrátt fyrir storma og stórviðri heldur RARIK áfram að dreifa rafmagni til sjávar og sveita. Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt nýtt ár.

**Zlatan Ibrahimovic**


Zlatan á enn eftir að finna sér næsta áfangastað og honum er frjálst að ræða við hvaða félag sem er enda samningslaus. Zlatan sem er á 39. aldursári er hvergi nærri hættur og sýndi hjá LA Galaxy með 30 mörkum í 29 leikjum að það er enn nóg eftir á tankinum.

**Mesut Özil**

Mikel Arteta þarf að ákveða hvað gera skal við Mesut Özil. Özil er launahæsti leikmaður Arsenal en það er langt síðan honum tókst að sýna sitt rétta andlit. Þá hefur hegðun hans utan vallar fengið sinn skerf af gagnrýni enda Özil búinn að vera duglegur að tjá sig um viðkvæm mál í alþjóðapólitík síðasta árið.

**Paul Pogba**

Franski landsliðsmaðurinn hefur ekki farið leynt með áhuga sinn á að leika fyrir Real Madrid undir Zinedine Zidane. Pogba notaði fjölmiðla til að setja pressu á forráðamenn Manchester United í sumar og komast frá Manchester. Ljóst er að ef Zidane hringir í janúar mun Pogba hlusta á hvað stendur til boða.

**Erling Braut Håland**

Norski framherjinn skaut fram á sjónarsviðið með frábæri frammi-stöðu í liði Salzburg. Håland hefur skorað 28 mörk í 22 leikjum og átta mörk í sex leikjum í Meistaradeildinni. Þrjú lið virðast ætla að berjast um Håland. Manchester United býr að því að Håland og Solskjær þekkjust eftir að hafa unnið saman hjá Molde en RB Leipzig og Dortmund eru einnig að bera viurnar í Håland sem gæti reynst heillaskref á ferli hans.

Á faraldsfæti í janúarglugga

Þegar vika er í að félagsskiptagluggin verði opnaður á ný í Evrópu eru stærstu félögin farin að hugsa um næstu skref fyrir komandi átök í vor.

FÓTBOLTI Nú þegar vika er í að félagsskiptagluggin verði opnaður á ný í Evrópu eru hreyfingar komnar á leikmannamál hjá stærstu liðum Evrópu. Liverpool hefur tryggt sér þjónustu hins japanska Takumi Minamino frá RB Salzburg í von um að hann færi liðinu aukið þúður í sóknarleikinn þegar lærisveinar Jürgens Klopp elst við fyrsta meistaratitil félagsins í þrjátíu ár. Leikmenn sem koma inn í janúar eiga oft misjafna mánuði eftir félagsskiptin en líklegt er að nokkur lið nýti sér möguleikann til

að þetta raðirnar. Manchester City vantar nauðsynlega miðvörð og þá er líklegt að Chelsea fari mikinn á félagsskiptamarkaðnum eftir að hafa tekið út félagsskiptabann síðasta sumar. Þetta er því fyrsti glugginn sem Frank Lampard fær til að styrkja liðið og eru stærstu stjórnur Englands orðaðar við Chelsea þessa dagana.

Fréttablaðið tók saman sjö leikmenn sem eru líklegir til að vera á faraldsfæti þegar félagsskiptagluggin opnast og margir þeirra munu kosta morð fjár.

**Jadon Sancho**

Efnilegasti leikmaður Bretlands með verðmiða upp á 120 milljónir punda. Enski landsliðsmaðurinn var settur í agabann á dögnum sem vakti ekki mikla lukku. Það hefur þó ekki komið niður á leik Sanchos sem hefur verið besti leikmaðurinn í Þýskalandi.

**Christian Eriksen**

Eriksen er heimilt ræða við félög í janúar enda rennur samningur hans út í júlí og hefur hann til þessa ekki verið tilbúinn að semja við Tottenham. Eriksen virðist ekki hafa áhuga á að semja við United heldur vona að tilboð berist frá spænsku stórveldunum.

**Kai Havertz**

Einn efnilegasti leikmaður Þýskalands er á óskalista stærstu liða Evrópu. Þýski sóknartengiliðurinn sem varð tvitugur fyrr á þessu ári er að nálgast 100 leiki í þýsku deildinni með uppeldisfélaginu. Honum hefur ekki tekist að fylgja eftir frábæru tímabili í fyrra og bauluðu stuðningsmenn á Havertz um síðustu helgi.

SÖNGLEIKJAVIÐBURÐUR JÓLAHÁTÍÐARINNAR

JAMES CORDEN JUDI DENCH JASON DERULO IDRIS ELBA JENNIFER HUDSON

IAN MCKELLEN TAYLOR SWIFT REBEL WILSON INTRODUCING FRANCESCA HAYWARD

CATS

FRUMSÝND 26. DESEMBER

WORKING TITLE AMBLIN ENTERTAINMENT

UNIVERSAL

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

KRINGLAN SAMBÍÓ

BORGAR BÍÓ



Hugheilar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu vegna andláts elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þóreyjar H.Ó. Proppé

Elinborg Proppé
Ingólfur Proppé

Vilhjálmur Óskarsson
Anna Jóhanna Sigurjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og bróðir,

Ludwig Sveinn Alfreðsson

Írabakka 16,

lést á heimili sínu þann 15. desember sl. eftir langvinn veikindi.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum veittan stuðning og alúð.

Hrefna Guðmundsdóttir

Ludwig Leó Ludvigsson

Tómas Muller Ludvigsson

Gunnar Karl Ludvigsson

barnabörn og systkini hins látna.



Leikhópurinn Perlan lenti í heilmiklu brasi á heimleiðinni eftir vel heppnaða sýningu á Sólheimum en allt fór vel að lokum.

Vitringarnir sátu fastir

Vitringar og englar, ásamt Maríu mey og manni hennar Jósef, sátu fastir í rútu þegar hún bilaði og vildi ekki lengra. En bóndi úr sveitinni bjargaði málum og ferjaði allt liðið.

Leikhópurinn Perlan er búinn að sýna og sanna í gegnum tíðina að hann gefst ekki upp þótt á móti blási. Enda er einstakur hópur þar á ferð,“ segir Bergljót Arnalds leikstjóri. Hún var með hópnum í rútu sem tók upp á því að bila og harðneita að fara lengra. Hún lýsir atvikinu nánar.

„Leikhópurinn var snúinn til baka úr leikferðalagi að Sólheimum í Grímsnesi þegar þetta gerðist. Sýningin hafði gengið glimrandi vel og ég held ég megi

fullyrða að Perlan hafi slegið þar í gegn. En á heimleiðinni gekk ekki betur en svo að rútan gafst upp í kuldanum. Úti var mikið frost og leikurunum kólnaði að vonum fljótt þegar drapst á henni. Allir urðu því mjög fegnir þegar bónda úr sveitinni bar að sem bauðst til að ferja fólkið í fólksbíl aftur á Sólheima.“

Þegar á Sólheima var komið segir Bergljót vel hafa verið tekið á móti hópnum með heitu kakói og honum hafi hlýnað þar fljótt. „Svo var send ný rúta úr bænum og biluðu

rútunni komið fyrir uppi á dráttarbíl. Þegar hópurinn komst loks til Reykjavíkur var búið að loka Ferðabjónustunni. Venjan er að enda ferðina við Borgarleikhúsið þar sem leikhópurinn æfir en það var komið fram yfir miðnætti og búið að loka þar sem annars staðar. Því var brugðið á það ráð að keyra alla heim upp að dyrum á rúttunni. Þetta leit hálf skuggalega út um tíma en endaði sem betur fer allt vel,“ segir leikstjórnin Bergljót.

gun@frettabladid.is

Mergættu, hlýju og virðing *Við andlát ástvinar*



Álfheimum 35, 104 Reykjavík

Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson **Steinunn Magnúsdóttir**

Útfararstjóri

Útfararþjónusta

Farsími 821 5353

Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Elin Sigrún Jónsdóttir, lögfræðingur

Útfararþjónusta

& lögfræðipjónusta

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Anna Valgerður Gissurardóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 19. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju 13. janúar kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Jóna Ingvarsdóttir
Ingunn Ingvarsdóttir
Örn Ingi Ingvarsson
Einar Ingvarsson
Hrefna Ingvarsdóttir

Sigurður I. Grímsson
Alan Ford
Kristjana Ragnarsdóttir
Kristín Rut Haraldsdóttir
Þórarinn G. Guðmundsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Helga Júlíusdóttir

hjúkrunarfræðingur,

lést þann 12. desember.

Útförin fer fram frá Áskirkju kl. 11.00 þann 3. janúar 2020. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hjálparstarf kirkjunnar.

Ólafur Helgi Samúelsson
Þóra Guðrún Samúelsdóttir
Kolbrún Gyða

Samúelsdóttir Hodge
Samúel Jón Samúelsson

Elin Ragnhildur Jónsdóttir
Stefán Jónsson

Donald Eugene Hodge
Berglind Ýr Gylfadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jónas Sigurður Magnússon

rannsóknarlögreglumadur,
Logafold 131,

lést á Landspítalanum föstudaginn 20. desember.

Nanna Ólafsdóttir

Sigrún K. Jónasdóttir
Anna H. Jónasd. Njástad
Magnús Jónasson
Helga Á. Jónasdóttir

Eiríkur Ó. Jónsson
Arnstein Njástad
Þóra M. Guðmundsd. Bech
Hrafnkell Stefánsson
og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðný Magnea Jónsdóttir

Álandi 3, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 12. desember á Landspítalanum í Fossvogi.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Kærar þakkir til þeirra sem önnuðust hana í veikindum hennar.

Bjarni S. Jónasson

Jónas Bjarnason
Una Björg Bjarnadóttir
Bjarni Þór Bjarnason

Haukur Pálsson
María G. Ágústsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA



VIÐ ÓSKUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLS NÝS ÁRS.
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÁRINU.



SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1

OPNUNARTÍMI UM HÁTÍÐARNAR

Aðfangadagur: 10-16

Gamlársdagur: 10-16

Jóladagur: LOKAÐ

Nýársdagur: LOKAÐ

Annar í jólum: 10-22

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík 0 1 °C ↑	Ísafjörður -5 1 °C ↑	Akureyri -2 2 °C ↑
Egilsstaðir 2 3 °C ↓	Kirkjubæjarkl 0 1 °C ↓	Hveravellir -9 1 °C ↓

Norðaustan 5-13 NV-til og á annesjum NA-lands í dag, annars hægari. Skýjað veður og snjó-koma eða él við N- og A-ströndina. Hiti um frostmark. Fremur hæg breytileg átt á morgun. Bjart með köflum, en snjócoma eða él A-lands og stöku él við SV-ströndina. Heldur kólnandi.

Miðvikudagur

Reykjavík -1 3 °C ↑	Ísafjörður -3 9 °C ↑	Akureyri -2 2 °C ↑
Egilsstaðir 0 2 °C ↑	Kirkjubæjarkl -2 11 °C ↓	Hveravellir -12 1 °C ↓

Fimmtudagur

Reykjavík 1 4 °C ↓	Ísafjörður -3 1 °C ↓	Akureyri -6 1 °C ↑
Egilsstaðir 0 0 °C ○	Kirkjubæjarkl 2 3 °C ↓	Hveravellir -4 2 °C ↓

LÉTT

		8		5				7
	1	6	4		7			5
		7	8					
		9				7		
4		3	9	6	1			
1			7			9	6	
9				2	5	8		4
				8	3		2	
8	6			4		1	3	

MIDLUNGS

		5		2	6			7
	9				7			6
		8				9		
4						9		2
	8	9	1					6
1		3	5					
						2		
							1	8
5	4	2	8		1			

PUNG

						7	2	4
4		6			3		5	
					5			
	5	8	2					6
	4		6					
2					4			
							6	
	2	1	7			9		8
6		9	5	8				7

Krossgáta

LÁRÉTT

- snældi
- auð
- tveir eins
- klaufska
- værð
- ofviðri
- veiki
- tílræði
- keppni
- upphefð

LÓDRÉTT

- lífsþursmál
- íþrótt
- bergmála
- nytjar
- rjálari
- uppgangur
- sáldrar
- skolla
- kringum

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. spola, 5. tóm, 6. ft, 8. olagn, 10. rí, 11. rok, 12. sótt, 13. trás, 15. leikur, 17. framli. LÓDRÉTT: 1. stórnal, 2. póla, 3. óma, 4. áhrót, 7. líkari, 9. gróska, 12. sátt, 14. ref, 16. um.

Skák Gunnar Björnsson

Smederevac átti leik gegn Medina í Beverwijk árið 1965.

1.... Ha8! 2. Hxa8 Df1+ 3. Kb2 c3+ 0-1. Jólahraðskákmót TR fer fram 27. desember og Íslandsmótið í atskák fer fram þann 29. desember. Dagana 26.-30. desember fer fram HM í at- og hraðskák í Moskvu. Magnús Carlsen og Vladimir Kramnik meðal keppenda. Á www.skak.is verða upplýsingar um hvernig best sé að fylgjast með veislunni í Moskvu.

www.skak.is: Gleðileg skákjól!

Svartur á leik



3	7	9	6	1	2	5	8	4
8	1	4	3	7	5	6	9	2
2	5	6	8	9	4	1	3	7
6	9	3	4	2	8	7	1	5
4	8	1	7	5	3	2	6	9
5	2	7	9	6	1	3	4	8
9	6	8	5	3	7	4	2	1
7	3	2	1	4	9	8	5	6
1	4	5	2	8	6	9	7	3
4	1	9	2	8	5	3	6	7
8	6	3	9	1	7	5	2	4
2	5	7	3	4	6	9	8	1
9	7	8	6	5	3	4	1	2
1	2	6	7	9	4	8	5	3
3	4	5	8	2	1	6	7	9
5	8	4	1	7	9	2	3	6
6	9	1	5	3	2	7	4	8
7	3	2	4	6	8	1	9	5
4	6	2	9	5	7	3	1	8
7	8	3	6	1	2	5	9	4
9	1	4	7	2	5	6	8	3
6	3	7	1	8	4	9	5	2
8	2	5	3	6	9	1	4	7
1	4	9	2	7	6	8	3	5
2	7	8	5	3	1	4	6	9
3	5	6	4	9	8	2	7	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frade Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÝTT

Sandblásturs FILMUR

NÝJAR & SPENNANDI GERÐIR AF FILMUM!

Filmur í glugga, á glerveggi og á sturtugler. Ný mynstur og nýjar gerðir.

STRIGA

Prent.IS

strigaprent@strigaprent.is - 869 5020 - verslunarmiðstöðinni Firði Hf.

Bækurnar á toppnum

Eymundsson hefur sent út síðasta metsölulista sinn fyrir jól. Enn sem fyrr er Arnaldur Indriðason á toppnum með Trega-stein. Ekkert lát er á vinsældum bókar Andra Snæs Magnasonar Um tímann og vatnið, en hún er í öðru sæti. Bókin seldist gríðarvel strax eftir útkomu og bóksalar segja að þá hafi fólk verið að kaupa hana fyrir sig en nú séu ánægðir lesendur



Ólafur Jóhann getur fagnað góðu gengi þessi jól. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að kaupa hana til gjafa. Í þriðja sæti er síðan Innflytjandinn eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Bækur hans hafa löngum notið vinsælda meðal lesenda og ekkert lát er á því þetta árið. Í fjórða sæti er Þinn eigin tölvuleikur eftir Ævar Þór Benediktsson og í því fimmta Hvítidaui eftir Ragnar Jónasson. Yrsa Sigurðardóttir verður að setta sig við sjötta sætið með bók sína Þögn, en bækur



Bergþóra Snæbjörnsdóttir rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

hennar hafa venjulega verið mun ofar á lista.

Svínshöfuð eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur seldist upp fyrir jól, en útgefandinn var séður og lét prenta bókina í kilju og þannig fæst hún nú í verslunum. Í gær, á Þorláksmessu, benti síðan allt til þess að Jakobína, ævisaga Jakobínu Sigurðardóttur eftir dóttur hennar Sigríði Kristínu Þorgrímsdóttur, myndi seljast upp.



Söngsveitin vinsæla Filharmónía. MYND/GUNNAR FREYR STEINSSON.

Hvæst og blásið í kirkjunni

Söngsveitin Filharmónía heldur árlega jólatónleika sína í Langholtskirkju föstudaginn 27. desember kl. 20. Einsöngvari verður Kristinn Sigmundsson og með kórnum leika Tómas Guðni Eggertsson á pianó og orgel og Þórður Högnason á kontrabassa. Stjórnandi kórsins er Magnús Ragnarsson.

Efnisskráin verður í senn hátíðleg og fjörleg, en tónleikagestir fá að hlýða á íslensk þjóðlög og sígild jólalög frá hinum ýmsu löndum.



Kristinn Sigmundsson.

Söngsveitin Filharmónía fagnar sextíu ára starfsafmæli þennan vetur með metnaðarfullu og fjölbreyttu tónleikahaldi. Jólatónleikar hafa verið fastur liður í starfi kórsins í þrjátíu ár.

„Á sextugsafmæli kórsins lítum við til baka og flytjum mörg af eftirlætis jólalögum í gegnum árin, til dæmis það aldin út er sprungið, sem er lag frá 15. öld við sigildan texta Matthíasar Jochumssonar og franska jólalagið A Maiden Most Gentle,“ segir Sigbrúður Gunnarsdóttir, formaður kórsins.



Bragi Valdimar Skúlason.

„Kristinn Sigmundsson syngur einsöng með kórnum í fjölmörgum lögum, meðal annars Nóttin var sú ágæt ein og ameríska jólaslagarann White Christmas. Þá syngur kórin bráðskemmtilega útsetningu Skarphéðins Þórs Hjartarsonar á Jólakettinum eftir Ingibjörgu Þorbergs. Þar fá kórfélagar ekki bara að fara með kjarnyrtan texta Jóhannesar úr Kötlum heldur að mjálma, hvæsa og blása eins og norðangarri.

Yngsta verkið á efnisskránni er svo Sagan af Jesúsi eftir Bagga-lútana Guðmund Pálsson og Braga Valdimar Skúlason í nýrri útsetningu Sunnu Karenar Einarsdóttur.“

Eftir tónleikana verður gestum boðið í jólasöng, heitt súkkulaði og smákökur í safnaðarheimili kirkjunnar. Miðaverð er kr 3.900, miðasala á tix.is og við innganginn.

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

GULLÖLD

SVEIFLUNNAR

NÝÁRSTÓNLEIKAR Í ELDBORG
5. JANÚAR KL. 20.00

Björgvín Franz Gíslason

KK

Sína Ágústsdóttir

Sigurður Flosason

STJÓRNANDI & KYNNIR:
Sigurður Flosason

Aðfangadagur jóla



Rás 1 býður til veislu um jólin



ALLT BREYTTIST, EKKERT HVERFUR



NÝÁRSÓPERA ÚTVARPSINS BRUÐKAUP FÍGARÓS

ÓRATORÍAN MESSÍAS



HEILINN HANS AFA



GRÁR JÓLA-KÖTTUR

KIRKJAN OG ÞJÓÐIN



SKÁLDIÐ OG HINN SVOKALLAÐI HEIMUR



FERÐALÖG BÓKAFÓLKSINS OLGA TOKARCZUK



VIÐ GUÐ



ÉG ÆTLAÐI AÐ VERÐA SMÍÐUR



ÖLLU ER AÐ LJÚKA, ALLT ER AÐ BYRJA

VÍKINGUR LEIKUR BEETHOVEN



Kynnið ykkur fjölbreytta dagskrá Rásar 1 á RÚV.is

RÚV SJÓNVARP

08.00 KrakkaRÚV
08.01 MóiMouk
08.12 SimonSimon
08.17 Friðþjófur forvitni
08.40 Bubbi byggir
08.51 Konráð og Baldur
09.04 Snjókarlinn og snjóhundurinn
09.28 Ruddalegar rimur - Fyrri hluti
09.57 Jólaveinarnir Kertasníkir
10.05 Nikó og litli bróðir
11.20 Rokkhundur
12.50 Táknálsfréttir
13.00 Fréttir
13.20 Veður
13.25 Jóladaatalið: Jólakóngurinn Karvel er níu ára og býr í Silfur-skógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr. Margt getur komið í veg fyrir að það rætist og þess vegna hefur hann undirbúið sig sérstaklega vel. En samt verða jólin allt öðruvísi en hægt var að imynda sér.
13.45 Klukkan um jól
14.40 Frosinn Frozen Óskarsverðlaunateiknimynd frá Disney sem fjallar um konungdæmi þar sem eilífur vetur ríkir vegna áлага sem nýkrýnda drottningin Elsa lagði á landið. Anna, systir hennar, er haldin óbilandi bjartsýni og ákveður að leggja í ferðalag til að finna Elsu og fá hana til að aflétta álögunum. Henni til aðstoðar eru íslutningamaðurinn Kristján, hreindýrið Sveinn og hressi snjókarlinn Ólafur. Myndin er talsett á íslensku en er sýnd á sama tíma á RÚV2 með ensku tali. e.
16.20 Artúr bjargar jólonum
17.55 Útvarpsmessa
18.55 Nóttin var sú ágæt ein
19.10 Jólátónleikar Sinfóniunnar
20.00 Paradisarbíóið Cinema Paradiso
22.00 Helgistund á jolanótt
23.00 The Man Who Knew Infinity Maðurinn sem skildi óendanleikann Sannsöguleg kvikmynd um ævi og störf indverska stærðfræðingsins og frumkvöðulsins Srinivasa Ramanujan sem ferðaðist frá Indlandi til Cambridge árið 1913 til að nema stærðfræði við Trinity háskólann. Þar kynntist hann breska prófessornum G.H. Hardy og á milli þeirra myndaðist einstök vinátta. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
00.45 Rain Man Regnmaðurinn
02.55 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08.00 HSBC Champions Útsending frá HSBC Champions á Heimsmótaröðinni.
11.00 US Women's Open Útsending frá US Women's Open 2019.
12.55 2019 PGA Tour Year in Review
